FRÉTTABLAÐIÐ
114. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. MAÍ 2018

# Meirihlutinn í Kópavogi gæti haldið velli

**Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn í Kópavogi í nýrri könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert. Flokkurinn gæti myndað meirihluta með framboði Viðreisnar og Bjartri framtíð.**

**KOSNINGAR** „Ef við höldum okkar finnst mér réttlætanlegt að ræða við Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Theodóra Þorsteinsdóttir, oddviti sameiginlegs framboðs Bjartrar framtíðar og Viðreisnar í Kópavogi.

Sjálfstæðisflokkurinn og Björt framtíð mynda meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins, er líka þeirrar skoðunar að framboðin ræði saman að loknum kosningum fái þau nægjanlegt fylgi fyrir meirihluta.

Ný könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert bendir til þess að Sjálfstæðisflokkurinn og framboð Bjartrar framtíðar/Viðreisnar fengi nægjanlegt fylgi fyrir meirihluta. Sjálfstæðisflokkurinn fengi rúm 36 prósent, Samfylkingin fengi 20 prósent, Framsóknarflokkurinn fengi rúm 8 prósent, Píratar opg BF/Viðreisn fengju rúm 7 prósent hvort framboð, VG tæp 7. Miðflokkurinn fengi svo rúm 5 prósent, Fyrir Kópavog tæp 5 og Sósíalistaflokkurinn ríflega tvö.

Yrði þetta niðurstaðan fengi Sjálfstæðisflokkurinn fimm fulltrúa kjörna af ellefu, Samfylkingin fengi tvo og Framsóknarflokkurinn, Píratar, BF/Viðreisn og VG fengju einn hvert framboð. Hvorki Miðflokkurinn, Fyrir Kópavog né Sósíalistar fengju fulltrúa. Sjálfstæðisflokkurinn gæti því myndað sex manna meirihluta með BF/Viðreisn en Sjálfstæðismenn og Björt framtíð eru núna með sjö fulltrúa í meirihluta.

**Skoðanakönnunin var gerð 15. maí 2018**




Í kosningunum 2014 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 39,3 prósent og 5 fulltrúa, Samfylkingin fékk 16,1 prósent og tvo fulltrúa, Björt framtíð fékk 15,2 prósent og líka tvo fulltrúa, Framsóknarflokkurinn fékk 11,8 prósent og 1 fulltrúa og VG fékk 9,6 prósent og einnig 1 fulltrúa.

Hringt var í 1.087manns með lögheimili í Kópavogi þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki 15. maí. Svarhlutfallið var 73,7 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Alls tók 51 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 12 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 22,1 prósent sögðust óákveðin og 14,9 prósent vildu ekki svara spurningunni. **jhh, sa /** **sjá síðu 6**



**Á annað hundrað manns mættu á Austurvöll í gær til þess að sýna Palestínumönnum samstöðu. Þar á meðal Sveinn Rúnar Hauksson og Ögmundur Jónasson. Annar fundur var haldinn á Ísafirði. Í gær voru 70 ár liðin frá því hundruð þúsunda Palestínumanna hröktust frá Palestínu við stofnun ísraelska ríkisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Leggja 770 milljónir í TeaTime

**VIÐSKIPTI** Íslenska tæknifyrirtækið TeaTime, sem stofnað var meðal annars af frumkvöðlunum sem stóðu að Plain Vanilla, hefur aflað 7,5 milljóna dollara, sem samsvarar 770 milljónum króna, í nýtt hlutafé. Áður höfðu alþjóðlegir fjárfestar lagt félaginu til 1,6 milljónir dollara, jafnvirði 164 milljóna. Frá stofnun fyrirtækisins í júlí í fyrra hafa fjárfestar því lagt TeaTime til tæpan milljarð í hlutafé.

Þorsteinn B. Friðriksson, forstjóri TeaTime, segir að nýsköpunarsjóðirnir sem gengu í hluthafahópinn nú séu á meðal þeirra stærstu í Evrópu og séu einnig umsvifamiklir í Bandaríkjunum. „Meirihluti TeaTime er enn í eigu Íslendinga,“ segir hann og bætir við að félagið hafi einungis tvisvar fengið fjármagn frá fjárfestum. **– hvj /** **sjá Markaðinn**



**Þorsteinn B. Friðriksson, forstjóri TeaTime.**

## Fá ráðgjafa til að kanna sölu

**VIÐSKIPTI** Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur ráðið fjárfestingarbankann Jefferies sem ráðgjafa í tengslum við mögulega sölu á starfsemi fyrirtækisins í mið- og austurhluta Evrópu.

Í fjárfestakynningu sem Markaðurinn hefur undir höndum kemur fram að starfsemin hafi skilað 200 milljónum dala í tekjur á síðasta ári.

Heildarvirði Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu er þannig talið geta numið hátt í einn milljarð dala, jafnvirði 100 milljarða króna. Alvogen er í meirihlutaeigu alþjóðlegu fjárfestingarsjóðanna CVC Capital Partners og Temasek en Róbert Wessmann, forstjóri og stofnandi Alvogen, á tilkall til ríflega 22 prósenta hlutar.

Við vinnslu fréttarinnar barst Markaðinum bréf frá lögmannsstofunni White & Case þar sem þess var krafist, fyrir hönd Alvogen Lux Holdings, að ekki yrði greint frá innihaldi kynningarinnar. Að öðrum kosti áskildi félagið sér allan rétt til þess að grípa til lagalegra úrræða, þar á meðal að fara fram á lögbann. **– hae, kij /** **sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag

**SPORT** Búið er að úthluta úr afrekssjóði FRÍ. 12

**TÍMAMÓT** Hátíðin Sumar í Havarí verður haldin aftur. 14

**MENNING** Stórsveit Reykjavíkur hitti í mark í Hörpu 18

**LÍFIÐ** Benedikt Erlingsson fær góðar móttökur í Cannes 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Vertu þinn eiginn besti vinur**

Ókeypis kynningartími 22. maí – Skráning á dale.is/ungtfolk
Nánari upplýsingar og skráning á dale.is eða í síma 555 7080

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Gen next_050918_iceland



**Það sem þjálfunin færir þér:**
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

**Sumarnámskeið hefjast:**
20 til 25 ára — 28. maí og 7. ágúst
16 til 19 ára — 29. maí og 8. ágúst
13 til 15 ára — 5. júní og 8. ágúst
10 til 12 ára — 11. júní og 8. ágúst

Dale Carnegie

## Veður




Suðvestan 5-13 m/s með skúrum í dag og hiti 4 til 9 stig, en léttskýjað austanlands og hiti upp í 12 stig þar.

SJÁ SÍÐU 16



**Nýjar lendur opnast köttum í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Mega nú halda hunda og ketti

**KÓPAVOGUR** Velferðarráð Kópavogs samþykkti á mánudag að leyfa gæludýrahald í félagslegum íbúðum í eigu bæjarins.

Með samþykktinni verður heimilt að halda hund eða kött með því skilyrði að sé sameiginlegur inngangur að íbúðum þurfi tveir þriðju hlutar þeirra sem nota þann inngang að samþykkja dýrahaldið. Ef um er að ræða sérinngang að félagslegri íbúð þá er hunda- og kattahald leyfilegt þar. – **gar**

# Fornleifa leitað við Árbæ



**Fornleifarannsóknir standa enn yfir á bæjarstæði Árbæjar innan marka Árbæjarsafns. Sólrún Inga Traustadóttir fornleifafræðingur segir töluvert af gripum hafa fundist. Markverðastar séu vísbendingar um byggingar sem eru eldri en ritaðar heimildir gefa til kynna.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Játaði sökina að hluta

**DÓMSMÁL** Sigurður Kristinsson játaði sök að hluta þegar ákæra héraðssaksóknara vegna stórfelldra skattalagabrota var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Hinir tveir ákærðu, Unnur Birgisdóttir, tengdamóðir Sigurðar, og Armando Luis Rodriquez, neituðu sök. Þau eru öll ákærð fyrir að hafa svikið undan skatti í gegnum fyrirtæki Sigurðar, SS verk, og nema meint skattsvik þeirra um 105 milljónum króna. Þau eru öll ákærð fyrir að hafa hvorki staðið skil á virðisaukaskatti né staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna fyrirtækisins.

Sigurður neitaði að hafa skilað röngum virðisaukaskattskýrslum árin 2014 og 2015 þar sem 34 milljónir eiga að hafa verið oframtaldar í formi innskatts. Hann viðurkenndi hins vegar vanskil á virðisaukaskatti upp á tæplega þrjár milljónir króna og vangreiðslur opinberra gjalda upp á tæpar 15 milljónir. Sigurður hefur verið talsvert í fréttum að undanförnu vegna rannsóknar sem hann hefur sætt í Skáksambandsmálinu og varðar stórfelldan fíkniefnainnflutning frá Spáni. Þá er hann eiginmaður Sunnu Elviru Þorkelsdóttur sem slasaðist alvarlega þegar hún féll milli hæða á heimili þeirra hjóna á Malaga á Spáni. – **sks**



**Sigurður Kristinsson mætir í héraðsdóm** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI






# Höfuðmeiðsli ekki fengið næga athygli

**Höfuðmeiðsli í íþróttum eru algeng og draga oft dilk á eftir sér. Slík meiðsli ber að taka alvarlega segir fyrrverandi knattspyrnumaður í meistaraflokki sem sjálfur lenti í röð höfuðhögga. Starfar nú sem aðstoðarskólastjóri í Garðinum.**

**SAMFÉLAG** Fyrrverandi knattspyrnukappinn Guðjón Árni Antoníusson hefur tekið við starfi aðstoðarskólastjóra í Gerðaskóla í Garði. Guðjón Árni ákvað í fyrra að draga sig úr leik eftir að hafa lengi glímt við eftirköst höfuðmeiðsla í boltanum. Hann hefur kennt íþróttir í grunnskóla frá 2008 og segist spenntur að takast á við nýtt hlutverk.

„Ástæðan fyrir að ég hætti var röð höfuðhögga sem höfðu mikil áhrif á mig. Bæði fékk ég spörk í höfuðið og bolta í höfuðið á skömmum tíma,“ segir Guðjón Árni sem spilaði í 15 ár með meistaraflokki Keflavíkur að undanskildum þremur árum, frá 2012-2014. Hann fékk sitt fyrsta höfuðhögg á æfingu árið 2013 og stuttu seinna fékk hann annað og svo þriðja höfuðhöggið sem hafði slæmar afleiðingar.

„Þetta byrjaði að hafa áhrif á mínar hversdagslegu athafnir. Ég gat ekki sinnt einföldustu hlutum. Ég upplifði móðukennda sjón, svima og jafnvægisleysi,“ segir Guðjón Árni sem var iðulega undir læknishendi hjá ýmsum læknum vegna höfuðáverkanna. „Þegar ég fékk grænt ljós um að fara aftur í boltann þá létti mér mjög mikið. Ég vildi bara spila, þetta var mín ástríða.“

Guðjón segir fræðslu um höfuðáverka lengi hafa verið ábótavant í íþróttaheiminum og hana þyrfti að bæta, en þó hafi ákveðin vitundarvakning átt sér stað undanfarið og umræðan sé hægt og rólega að opnast. Leikmenn hafi oftar en ekki falið slík meiðsli fyrir sjálfum sér og öðrum enda keppnisskap mikið. „Ég vissi eiginlega ekki neitt um þetta.



**Guðjón Árni segir að leikmenn feli oft höfuðáverka.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það tók mig þrjú ár að átta mig á því að heilsan væri ofar öllu. Ef heilsan er ekki í lagi þá er ekkert í lagi.**
>
> Guðjón Árni Antoníusson

Það voru aðrir sem höfðu lent í þessu, bæði í handbolta og fótbolta, og varð ég samferða þeim í gegnum bataferlið. Þar fékk ég að kynnast alvöru málsins,“ segir Guðjón Árni en Sara Hrund Helgadóttir, fyrrverandi knattspyrnukona í meistaraflokki Grindavíkur, steig fram fyrir um hálfu ári og sagði frá þrálátum höfuðverkjum og vanlíðan í mörg ár, eftir að hafa hlotið höfuðmeiðsli í leikjum en hún fékk heilahristing sex sinnum.

„Það tók mig þrjú ár að átta mig á því að heilsan væri ofar öllu. Ef heilsan er ekki í lagi þá er ekkert í lagi. Það er lagt mikið upp úr því að þú þurfir að vera harður og því er slegið upp að það sé eitthvað töff að harka af sér. Sem það verður þó ekki ef þú ert að glíma við varanlegan skaða vegna höfuðáverka. Eftir svona höfuðáverka er mikilvægt að hvíla sig og hlúa að heilsunni. Menn þurfa að passa sig og taka ekki of mikla áhættu,“ segir Guðjón Árni.

gunnthorunn@frettabladid.is




KONA
BY HYUNDAI

**Hyundai KONA** er nýstárlegur sportjeppi sem er fáanlegur annaðhvort fjórhjóladrifinn eða framhjóladrifinn með sjálfskiptingu eða beinskiptingu. KONA er einstaklega vel útbúinn og með tæknilegar nýjungar á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™ sem gera ökumanni kleift að spegla upplýsingar úr síma á litaskjá í mælaborði. Verið velkomin í kaffibolla og reynsluakstur.

**Hyundai KONA Comfort. Verð frá 3.590.000 kr.**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

ENNEMM / SÍA / NM86228

# Vísindamenn líkja eftir loftslagsbreytingum á hálendi Íslands

**VÍSINDI** Ólafur S. Andrésson, prófessor í erfðafræði við Háskóla Íslands, hyggst rannsaka áhrif fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga með því að líkja eftir þeim með sérhönnuðum búrum sunnan Löðmundarvatns á Landmannaafrétti.

Ólafur kveðst í bréfi sem tekið var fyrir á fundi Hálendisnefndar Rangárþings ytra vinna að rannsóknaverkefni um hlut hélumosavistar og annarra svæða sem einkennast af lífskurn á hálendinu. Útvíkka eigi verkefnið með athugun á áhrifum hlýnunar á hélumosavistina. Það sé gert með glærum plastbúrum sem séu opin að ofan.

„Reynslan af slíkum búrum í langtímarannsóknum á Þingvöllum, Auðkúluheiði og víðar á norðurslóðum er góð, og sýnt að með þeim er hægt að hækka jafnaðarhitastig um nærri tvær gráður, og líkja þannig eftir fyrirsjáanlegum loftslagsbreytingum,“ útskýrir Ólafur í bréfinu. Meta eigi líklegt áhrif hlýnunar á vistgerð sem sé mjög útbreidd á hálendum svæðum hérlendis og víðar á norðurslóðum.

> Rannsóknin sunnan Löðmundarvatns á að standa í að minnsta kosti þrjú ár og í allt að tíu ár.

Ingibjörg Svala Jónsdóttir prófessor, sem starfar með Ólafi og unnið hefur að slíkum verkefnum á alþjóðlegum grundvelli í meira en tuttugu ár, segir reynsluna af aðferðinni góða. Rannsóknin sunnan Löðmundarvatns beinist að mjög mikilvægu vistkerfi á Íslandi. Um sé að ræða skán sem bindi yfirborð jarðvegsins og myndað sé af ótal mörgum lífverum; fyrst og fremst örverum. „Þetta er mjög mikilvægt kerfi og það er ekkert vitað um hvernig það bregst við hlýnun,“ segir hún.

Svæðið sunnan Löðmundarvatns er sérstaklega hentugt í þessu skyni og hálendisnefndin veitti leyfi fyrir rannsókninni.

Setja á upp sjö eða átta plastbúr sem eru um einn fermetri hvert og um 40 sentimetra há ásamt mælitæki í hverju búri. Rannsóknin á að standa í að minnsta kosti þrjú ár og í allt að tíu ár. **– gar**

## Lagði biskupinn

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi sóknarprestur á Staðastað, Páll Ágúst Ólafsson, á rétt á því að skipun hans sem héraðsprests í Vesturlandsprófastsdæmi gildi til 30. júní 2022 en ekki aðeins til 30. nóvember 2018 eins og Agnes M. Sigurðardóttir biskup hafði ákveðið.



Séra Páll Ágúst Ólafsson.

Páll var skipaður í embætti sóknarprests í desember 2013. Eftir miklar deilur færði biskup hann alfarið í starf héraðsprests í lok júní í fyrra. Ákvörðun sína um að skipunartími Páls sem héraðsprests ætti aðeins að standa út nóvember 2018 byggði biskup á því að þá væri fimm ára skipun hans sem sóknarprests liðin. Héraðsdómur tók undir með Páli um að hann hefði í raun verið færður í nýtt embætti og að skipunartíminn ætti því að vera fimm ár frá sumrinu 2017 að telja. Biskup á að greiða Páli 1.400 þúsund krónur í málskostnað. **– gar**

## Salan minnkaði um 7 milljarða

**VIÐSKIPTI** „Sölusamdráttur félagsins í heild milli ára var 8,2 prósent en að teknu tilliti til aflagðrar starfsemi var samdrátturinn 4,4 prósent milli ára,“ segir í ársreikningi Haga fyrir rekstrarárið 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018. Reikningurinn var birtur í gær.

Þar kemur fram að vörusala á tímabilinu nam tæplega 73,9 milljörðum króna en nam 80,5 milljörðum reikningsárið á undan.

Aflögð starfsemi er meðal annars verslun Debenhams í Smáralind, Korpuoutlet, Útilíf í Glæsibæ, Hagkaup í Holtagörðum, efri hæð Hagkaups Kringlu og tískuverslanir í Smáralind og Kringlu. **– jhh**

# Þúsundir óska upplýsinga um BRCA2 stöðu sína á nýjum vef

**Á fyrstu klukkustundum eftir opnun vefsins arfgerd.is fóru 5.500 manns í gegnum fulla skráningu og bíða nú svars um BRCA2 stöðu sína. Um 2.400 manns bera hið stökkbreytta gen, sem eykur verulega líkur á krabbameini, en aðeins hluti þeirra veit af því. Þeir sem hafa breytta genið fá aukið eftirlit og ráðgjöf.**

**VÍSINDI** Fimm tímum eftir opnun hins nýja vefs Íslenskrar erfðagreiningar, arfgerd.is, höfðu 5.500 Íslendingar farið þar í gegnum fulla skráningu og óskað upplýsinga um hvort þeir beri erfðabreytu í BRCA2 geninu sem eykur verulega líkur á krabbameini. Þetta staðfestir Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslenskrar erfðagreiningar.

Vefsíðan var opnuð í hádeginu í gær, degi eftir að starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði áliti sínu um miðlun þessara upplýsinga. Mjög skiptar skoðanir hafa verið um hvort rétt sé að finna það fólk sem ber stökkbreytta genið og gera því viðvart eða hvort afla þurfi samþykkis þess fyrir fram.

Þóra segir þessar fyrstu viðtökur vefsins vera í takti við það sem búast mátti við og sýni vilja fólks til að vita hvort það beri erfðabreytuna.

Að lágmarki tvær vikur tekur að fá niðurstöður eftir að upplýsinganna er óskað á vefnum. Þeim sem tilkynnt er að þeir beri hið breytta gen er vísað til erfðaráðgjafar Landspítalans og þar er tekið klínískt sýni til að sannreyna niðurstöðuna. Svo tekur eftirlit við.

„Karlar fara í blóðprufu einu sinni á ári til að fylgjast með blöðruhálskirtli og þeir eru líka hvattir til að fylgjast með brjóstakrabbameini því það er líka þekkt hjá karlmönnum þótt það sé ekki eins algengt. Konurnar fara í brjóstaeftirlit á sex mánaða fresti og fylgst er með eggjastokkum einu sinni á ári, segir Vigdís Stefánsdóttir hjá erfðaráðgjöf Landspítalans. Hún segir að einnig sé rýnt í fjölskyldusögu viðkomandi og fylgst með öðrum krabbameinum eftir því hvað fjölskyldusaga viðkomandi gefi til kynna.




Íslensk erfðagreining opnaði vefsíðuna arfgerd.is í gær og viðtökur létu ekki á sér standa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Karlar sem eru með breytingu í BRCA2 geni eru í aukinni áhættu með að fá krabbamein í blöðruhálskirtil en konur fyrst og fremst í brjóst og eggjastokka. Þegar fólk er með meinvaldandi breytingu í geni eins og t.d. BRCA2, og fær krabbamein, er það oft við yngri aldur en gengur og gerist.

Vigdís minnir hins vegar á að þrátt fyrir að erfðir brjóstakrabbameins séu mjög áberandi í umræðunni, er talið að einungis um 5 til 10 prósent krabbameina séu af arfgengum ástæðum, þ.e. breytta genið eða breyttu genin erfist milli kynslóða.

> **2.400**
> Íslendingar bera hið breytta gen, aðeins 600 vita af því.

Stökkbreytingin sem um ræðir finnst aðeins í Íslendingum og talið er að um það bil 2.400 manns beri breytinguna 999del5 í BRCA2 geni. Það eru þá karlar, konur á öllum aldri og börn. Um 600 manns hafa verið greindir gegnum erfðaráðgjöf Landspítalans.

Stökkbreytingin er í hópi svokallaðra landnemabreytinga og talið er að hún hafi orðið til fyrir minnst 400 árum í einstaklingi hér á landi og allir sem bera erfðabreytuna í dag eru beinir afkomendur hans.

adalheidur@frettabladid.is






# Nýr miðbær Selfoss í íbúakosningu

**ÁRBORG** Bæjarstjórn Árborgar hefur samþykkt að efna til íbúakosninga um aðal- og deiliskipulag Selfoss. Kosningin verður rafræn og mun standa yfir í viku. Stefnt er á að kosningin hefjist sem allra fyrst.

Bæjarráði Árborgar hefur verið falið að auglýsa kosninguna. Allir íbúar sveitarfélagsins frá 16 ára aldri hafa atkvæðisrétt í kosningunum.

Hart hefur verið tekist á um miðbæjarskipulag Selfossbæjar og eru skiptar skoðanir um fyrirhugaðar hugmyndir um uppbyggingu þar. Safnað var undirskriftum 1.928 einstaklinga í Árborg til að knýja fram íbúakosningu. Þetta eru um 29,4 prósent íbúa sveitarfélagsins.

„Nú hafa íbúar sveitarfélagsins gripið inn í málið og knúið meirihluta bæjarstjórnar til þess að hlusta á kröfur íbúa og heimila almenningi að segja sína skoðun á lýðræðislegan hátt,“ segir í bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar.



Skiptar skoðanir eru um nýjan miðbæ Selfoss. MYND/BATTERÍIÐ

„Það er sigur fyrir íbúalýðræðið.“ Í kosningaumfjöllun Fréttablaðsins um Árborg kom bersýnilega fram að miðbæjarskipulagið á Selfossi og fráveitumál eru þau málefni sem frambjóðendurnir töldu að yrðu helst í brennidepli í aðdraganda kosninganna sem fram fara þann 26. maí næstkomandi.

**– khn**



# Alveg hreint frábærar fréttir

## Í dag tökum við í notkun nýja hreinsistöð á Akranesi

Með nýju hreinsistöðinni leggjum við okkar af mörkum
í umhverfismálum með bættri fráveitu.

**Í tilefni af opnuninni bjóðum við Akurnesingum í heimsókn
á Ægisbraut 31 í dag, miðvikudaginn 16. maí kl. 16–18.**

Inga Dóra Hrólfsdóttir framkvæmdastjóri Veitna og Sævar Freyr
Þráinsson bæjarstjóri ávarpa samkomuna og síðan verður gestum
boðið að skoða stöðina og þiggja veitingar.

**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR

# Meirihlutinn vill starfa saman áfram

**Nái núverandi meirihluti nægu kjörfylgi vilja flokkarnir halda áfram samstarfi að loknum kosningum. Dagvistunarúrræði barna og húsnæðismál eru ofarlega á baugi. Formaður bæjarráðs segir að meirihlutanum hafi tekist að ljúka öllu sem var í málefnasamningi.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir eðlilegt að flokkarnir ræði saman að loknum kosningum um myndun meirihluta nái flokkarnir til þess fylgi. Theodóra Þorsteinsdóttir, oddviti sameiginlegs framboðs Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, er sammála þessari skoðun bæjarstjórans.

„Að mínu mati gengur vel í Kópavogi, við erum búin með öll verkefnin okkar í málefnasamningnum frá 2014. Þetta er árangursríkur meirihluti og samstarfið hefur gengið vel. Ef við höldum okkar finnst mér réttlætanlegt að ræða við Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Theodóra.

Í síðustu kosningum fengu Sjálfstæðismenn fimm menn kjörna í ellefu manna bæjarstjórn. Samfylkingin og Björt framtíð fengu tvo menn hvor. Vinstri græn og Framsókn hlutu svo sinn mann hvor flokkur. Nú eru hins vegar níu framboð sem bjóða fram krafta sína og því líklegt að landslagið breytist að einhverju leyti í lok mánaðarins.

Birkir Jón Jónsson, oddviti Framsóknarflokksins, leggur í kosningunum áherslu á að efla starfsumhverfi kennara í bænum. „Einnig leggjum við mikla áherslu á málefni eldri borgara og þar þarf að taka hressilega til hendinni. Framsóknarflokkurinn vill huga að barnafjölskyldum og forgangsraða fyrir þær.“

Theodóra er stolt af verkum meirihlutans og telur mikilvægt á næsta kjörtímabili að unnið verði áfram að þeim verkefnum sem núverandi meirihluti hefur lagt áherslu á. „Við þurfum að halda áfram að reka Kópavog af ábyrgð og leggjum áherslu á að halda áfram með þau íbúalýðræðismál sem við höfum hafið hér í Kópavogi,“ segir Theodóra. „Einnig þurfum við að setja meira fjármagn í skólana okkar.“

„Við höfum þá sýn í Miðflokknum í Kópavogi að í bænum verði lægstu skattar á höfuðborgarsvæðinu en besta þjónustan. Við ætlum að lækka fasteignaskattinn og útsvarið fer niður í 13,5%,“ segir Geir Þorsteinsson, oddviti Miðflokksins. „Bærinn var rekinn með miklum hagnaði í fyrra sem þýðir að skattar eru bara of háir. Svo ætlum við að færa fjármuni í vasa bæjarbúa og slá á frest á meðan einhverjum framkvæmdum eins og brú og borgarlínu.“

### Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014

| Flokkur | Fulltrúar | Fylgi |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkurinn | 5 fulltrúar | 39,3% |
| Samfylkingin | 2 fulltrúar | 16,1% |
| Björt framtíð | 2 fulltrúi | 15,2% |
| Framsókn | 1 fulltrúi | 11,8% |
| Vinstri græn | 1 fulltrúi | 9,6% |
| Píratar | | 4% |
| Næst besti flokkurinn | | 3,2% |
| Dögun og umbótasinnar | | 0,8% |

### Íbúar í Kópavogi

1. janúar 2014
32.308

1. janúar 2018
35.970

**Skuldir á hvern íbúa**
1.248.348kr.

**Skuldahlutfall nú***
156%

**Skuldahlutfall árið 2014**
186%

*Samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi

### Framboðslistar í Kópavogi

**Framsókn**
1. Birkir Jón Jónsson
2. Helga Hauksdóttir
3. Baldur Þór Baldvinsson
4. Kristín Hermannsdóttir

**BF / Viðreisn**
1. Theodóra S. Þorsteinsdóttir
2. Einar Örn Þorvarðarson
3. Ragnhildur Reynisdóttir
4. Hreiðar Oddsson

**Sjálfstæðisflokkur**
1. Ármann Kr. Ólafsson
2. Margrét Friðriksdóttir
3. Karen Elísabet Halldórsdóttir
4. Hjördís Ýr Johnson

**Fyrir Kópavog**
1. Ómar Stefánsson
2. Rebekka Þurý Pétursdóttir
3. Hlynur Helgason
4. Valgerður María Gunnarsdóttir

**Miðflokkur**
1. Geir Þorsteinsson
2. Jakobína Agnes Valsdóttir
3. Helgi Fannar Valgeirsson
4. Una María Óskarsdóttir

**Píratar**
1. Sigurbjörg Erla Egilsdóttir
2. Hákon Helgi Leifsson
3. Ásmundur Guðjónsson
4. Ragnheiður Rut Reynisdóttir

**Samfylking**
1. Pétur Hrafn Sigurðsson
2. Bergljót Kristinsdóttir
3. Elvar Páll Sigurðsson
4. Donata H. Bukowska

**Vinstri græn**
1. Margrét Júlía Rafnsdóttir
2. Amid Derayat
3. Rósa Björg Þorsteinsdóttir
4. Pétur Fannberg Víglundsson

**Sósíalistaflokkur Íslands**
1. Arnþór Sigurðsson
2. María Pétursdóttir
3. Rúnar Einarsson
4. Hildigunnur Þórsdóttir Saari



Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir menntamálin verða að vera ofarlega í komandi kosningum og á næsta kjörtímabili. „Við ætlum að leggja áherslu á menntamálin. Við spjaldtölvuvæddum grunnskólana hjá okkur og það hefur komið betur og betur í ljós hversu skynsamlegt það var,“ segir Ármann. „Varðandi leikskólana leggjum við áherslu á að bæta starfsumhverfið og ætlum að leggja 300 milljónir sérstaklega í það verkefni. Svo munum við setja okkur það markmið að taka inn börn á leikskólana við tólf mánaða aldur.“

Sósíalistaflokkurinn býður fram í fyrsta skipti til sveitarstjórnar í Kópavogi. Arnþór Sigurðsson stefnir á að ná inn manni og yrði hæstánægður með tvo menn kjörna. „Við viljum byggja í anda gömlu verkamannabústaðanna fyrir efnaminna fólk og viljum eyða biðlistum eftir félagslegu húsnæði,“ segir Arnþór. „Einnig þurfum við að hækka laun í sveitarfélaginu en Kópavogur á ekki að greiða laun sem valda því að fólk er fast í fátæktargildru.“

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, oddviti Pírata, segir húsnæðismál og dagvistunarmál skipta miklu máli fyrir íbúa í bænum. „Við þurfum að skipuleggja byggð fyrir alla aldurshópa og helst á áhrifasvæði borgarlínu,“ segir Sigurbjörg Erla. „Einnig viljum við að foreldrar fái heimgreiðslu sem nemur kostnaði við að hafa barn á leikskóla frá 12 mánaða aldri þar til það fær pláss á leikskóla.“

Pétur Hrafn Steingrímsson, oddviti og bæjarstjóraefni Samfylkingarinnar, segir húsnæðismálin skipta miklu. „Í Kópavogi er lóðum úthlutað til verktaka sem byggja íbúðir í hagnaðarskyni. Við viljum einnig að lóðum sé úthlutað til húsnæðissamvinnufélaga og einstaklinga. Enn fremur þurfum við að koma tólf mánaða börnum á leikskóla.“

> **Í Kópavogi er lóðum úthlutað til verktaka sem byggja íbúðir í hagnaðarskyni. Við viljum einnig að lóðum sé úthlutað til húsnæðissamvinnufélaga og einstaklinga.**
>
> Pétur Hrafn Steingrímsson, oddviti og bæjarstjóraefni Samfylkingarinnar

Margrét Júlía Rafnsdóttir, oddviti VG, segir mikilvægt að auka hjólreiðar. „Við leggjum áherslu á húsnæðismál. Það er þriggja ára biðlisti eftir félagslegu húsnæði. Það þarf að forgangsraða í þágu leik- og grunnskóla. Einnig erum við í fararbroddi í umhverfismálum.“

Ómar Stefánsson er oddviti framboðsins Fyrir Kópavog. „Við ætlum að kaupa íbúðir fyrir félagslega kerfið. „Við ætlum að skipuleggja og úthluta lóðum fyrir húsnæði í Vatnsendahlíð, á Vatnsendahæð og seinni hluta Glaðheimasvæðis. Við ætlum að setja í gang lýðheilsukort fyrir ungmenni 18 til 23 ára ásamt því að lengja sumaropnunartíma sundlauganna um helgar,“ segir Ómar.






CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 470x470 mm
2 brennarar
69.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.

CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
189.000 KR.

Öll Char-Broil grillin eru með TRU-infrared tækninni sem kemur í veg fyrir eldtungur og tryggir jafnari steikingu.

Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 8–17.

Fæst í Rekstrarlandi og útibúum Olís um land allt.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

*Salatbar*
*alltaf ferskur*

# *Meira* fljótlegt



**Salatbar**

Alltaf ferskur

**1.799** kr/kg

**Pasta og núðlur:**
- Pasta rautt
- Pasta hvítlauks
- Pasta með basilpestó
- Pasta í sinneps- og dilldressingu
- Maccarónur í tómatpestó
- Núðlur í súrsætri sósu

**Salat:**
- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat

**Grænmeti:**
- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Mangó hrásalat
- Maíssalat
- Ferskt salsa

**Prótein:**
- Grísa- og eplasalat
- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur
- Tzatziki
- Grænbaunamauk
- Spínathummus

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Rannsakað af stríðsglæpadómstólnum

**Um tólf þúsund hafa særst í mótmælum á Gazaströndinni frá marslokum. Öryggisráðið fundaði í gær vegna mannfallsins á sunnudag. Aðalsaksóknari stríðsglæpadómstólsins fylgist náið með málum.**

**PALESTÍNA** Útfarir Palestínumanna sem féllu fyrir kúlum Ísraelshers í fyrradag fóru flestar fram í gær. Minnst tveir til viðbótar féllu í gær í áframhaldandi mótmælum.

Minnst 58 palestínskir mótmælendur féllu í mótmælum á Gazaströndinni í fyrradag og um 2.700 særðust. Meðal hinna látnu voru átta börn yngri en sextán ára, þar af eitt átta mánaða að aldri. Fólkið hafði komið saman við öryggisgirðinguna við landamæri Ísraels og kveikt í dekkjum, kastað grjóti, lausamunum og smásprengjum yfir girðinguna. Því var svarað með byssukúlum úr rifflum ísraelskra hermanna.

Viðbrögð Ísraelsmanna hafa verið harðlega gagnrýnd af alþjóðasamfélaginu en Sameinuðu þjóðirnar (SÞ), Bretar, Frakkar og Rússar eru meðal þeirra sem fordæmt hafa aðgerðirnar. Ísraelar hafa borið því við að þeir hafi verið að svara mótmælendum í sömu mynt. Bandaríkin hafa stutt sjálfsvarnarrétt Ísraela.

Mótmæli hafa verið daglegt brauð á Gaza frá lokum marsmánaðar en síðan þá hafa 109 Palestínumenn hið minnsta fallið og áætlað er að um 12 þúsund hafi særst. Mótmælin náðu hámarki í fyrradag en þá var sendiráð Bandaríkjanna í Ísrael formlega flutt frá höfuðborginni Tel Avív til Jerúsalem. Borgin helga hefur lengi verið bitbein þjóðanna tveggja og telja Palestínumenn að tilfærslan styrki tilkall Ísraela til hennar.

Málið var rætt í Öryggisráði SÞ í gær en fulltrúi Kúveits lagði fram drög að yfirlýsingu sem kvað á um yfirlýsingu um reiði og sorg vegna dauða Palestínumannanna. Þar var einnig kveðið á um sjálfstæða rannsókn á atvikinu og að aðildarríki SÞ virtu ályktun Öryggisráðsins um að setja ekki upp sendiskrifstofur í Jerúsalem. Bandaríkin beittu neitunarvaldi sínu þegar greidd voru atkvæði um tillöguna.

Dagurinn í gær markaði 70 ára afmæli Nakba, eða katastrófunnar, en 15. maí 1948 neyddust hundruð þúsunda Palestínumanna til að yfirgefa heimili sín vegna hins nýstofnaða Ísraels.

„Ég skal tala alveg hreint út. Þegar Palestínumenn tala um réttinn til að snúa aftur, þá meina þeir í raun eyðingu Ísraels,“ sagði Danny Danon, fastafulltrúi Ísraels hjá SÞ, þegar málið var rætt í Öryggisráðinu. Riyad Mansour, sendiherra Palestínu við SÞ, sakaði Ísraela á móti um stríðsglæpi.

„Síðustu átta vikur höfum við grátbeðið ykkur um að koma í veg fyrir fjöldamorð Ísraela á Palestínumönnum. Gæti verið að ekki hafi verið hlustað á okkur og aðvaranir ekki teknar alvarlega?“ sagði Mansour.

Fatou Bensouda, aðalsaksóknari Alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins í Haag, sendi AFP-fréttastofunni yfirlýsingu í gær þar sem fram kom að hún hefði atvikið til rannsóknar.



**Riyad Mansour sendiherra Palestínu hjá SÞ, ofarlega á myndinni, og Danny Danon, fastafulltrúi Ísraels, tókust á fyrir Öryggisráðinu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Starfsfólk mitt fylgist náið með vendingum stöðunnar og kannar hvort heimild sé til saksóknar vegna mögulegra brota sem falla innan lögsögu dómstólsins,“ segir í yfirlýsingunni.

Hún bætti því við að ofbeldinu yrði að linna og hvatti stríðandi aðila til að láta af aðgerðum sem gætu haft frekari dauðsföll í för með sér. Þá brýndi Bensouda fyrir Ísraelsmönnum að gæta hófs í aðgerðum sínum og að láta af gegndarlausri valdbeitingu sinni. joli@frettabladid.is

**AÐALFUNDUR Sögufélags**

verður haldinn fimmtudaginn 31. maí kl. 18-19 í Fundarsal Þjóðskjalasafns Íslands

**Dagskrá:**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Sögukvöld kl. 19:30-22 með kynningum á nýju efni í Sögu – Tímariti Sögufélags

*Stjórnin*

SÖGUFÉLAG 1902

Šumarverð ŠKODA

ŠKODA




**Octavia** Limo G-Tec Sjálfskiptur
Listaverð: 3.550.000 kr.
Afsláttur: -360.000 kr.
Verð frá: **3.190.000 kr.**

**ŠKODA Superb** Limo Ambition
Listaverð: 5.060.000 kr.
Afsláttur: -480.000 kr.
Verð frá: **4.580.000 kr.**

Kíktu á **hekla.is/skodasumar** og sjáðu öll sumartilboðin!

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

## ŠKODA Á SNILLDARLEGU SUMARTILBOÐI!

Nú bjóðum við takmarkað magn valdra bíla frá ŠKODA á frábæru tilboðsverði. Stundum þarf maður ekki að hugsa sig tvisvar um – gríptu þetta einstaka tækifæri og náðu þér í nýjan ŠKODA á snilldarverði. Hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**www.skoda.is**



# EKKI BARA GÆÐI

## SMÍÐABUXUR
### STRECH



Slitsterkar vinnubuxur úr Cordura® gallaefni með teygjuefni í klofi og á kálfum til að tryggja hreyfanleika. Þessi gerð er með staðlað mitti og klof og aðsniðnar skálmar. Hnjávasi úr CORDURA® teygjuefni sem opnast að ofan.

**19.900 m/vsk**
Fullt verð 25.015

## HETTU-PEYSA



**8.900 m/vsk**
Fullt verð 12.557

## ÖRYGGIS-SANDALAR



**16.900 m/vsk**
Fullt verð 21.900

## SMÍÐABUXUR
### PIRATE



**18.900 m/vsk**
Fullt verð 23.436

## ÖRYGGIS-SKÓR



**16.900 m/vsk**
Fullt verð 21.900

## REGN-SETT



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 14.816

## VETTLINGAR



**390 m/vsk**
Fullt verð 682

## DERHÚFU-HJÁLMUR



**2.790 m/vsk**
Fullt verð 3.708

## STUTTERMA-BOLUR



**1.490 m/vsk**
Fullt verð 1.990

## GALLABUXUR
### TEXAS



Classic regular fit. Há íseta, lausar yfir læri og beinar niður.

Wrangler®

**8.995 m/vsk**
Fullt verð 12.990


www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

# Í vagninum



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Skerðu þig úr. Einhver þarf að gera það. Það er auðvelt að vera sporgöngumaður. Það getur verið skrýtið að gera og segja það sem er öðruvísi. En án þeirra óþæginda er frelsið ekki mögulegt. Mundu eftir Rosu Parks. Á því augnabliki sem þú setur fordæmi er búið að rjúfa seið kyrrstöðunnar og annað fólk getur fylgt í fótspor þín.“

Þessi orð úr bókinni Um harðstjórn eftir Timothy Snyder, prófessor í sagnfræði við Yale-háskóla, eiga erindi til okkar allra á öllum tímum. Í þeim er fólgin hvatning til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir með því sem er rétt fremur en hentugt og við getum tekið þetta til okkar sem einstaklingar og samfélög. Í lýðræðisríkjum eru einstaklingarnir leiddir áfram í krafti meirihluta samfélagsins af ríkisstjórnum. Þær eru fulltrúar valdsins sem við framseljum í þeirra hendur og þeim ber að starfa og koma fram í okkar nafni sem ein heild.

Fulltrúahlutverk ríkisstjórna er bersýnilegt á alþjóðlegum vettvangi og þar gefst jafnvel ríkisstjórnum smáríkja tækifæri til þess að vera Rosa Parks alþjóðasamfélagsins. Tækifæri til þess að „rjúfa seið kyrrstöðunnar“ og standa með lítilmagnanum. Tækifæri til þess að setjast fremst í vagninn og taka stöðu gegn valdinu en með mannréttindum. Að setja slíkt fordæmi getur verið erfitt en það gerir öðrum kleift að fylgja í fótsporin og sagan kennir okkur að það mun allt verða þess virði.

Skotárás Ísraelshers á mótmælendur á landamærum Ísraels og Gaza fyrr í vikunni var smánarleg valdbeiting og í raun ekkert annað en fjöldamorð. Hátt í sextíu manns féllu í valinn og á þriðja þúsund særðust og þar af fjölmargir alvarlega. Það er óþarfi að tíunda tilkomu þessara voðaverka sem eru framin í skjóli Bandaríkjanna og forseta þeirra, Donalds Trump. Það er hins vegar ástæða til þess að velta því fyrir sér hversu mikilvægt það er ríkisstjórn Íslands að fá að sitja með í vagninum hjá Bandaríkjastjórn. Hvort það breyti engu hversu mörg mannslíf og þar af einnig barnslíf Ísraelsher tekur.

Það virðist ekki vera. Það sem skiptir ríkisstjórn Íslands máli er að fá að sitja aftast í vagninum sem Trump stýrir á fullri ferð alveg óháð því hver fyrir verður og hún ætlar svo sannarlega ekki að láta henda sér út. Ríkisstjórn Íslands ætlar ekki að skera sig úr og vera Rosa Parks í þessu máli heldur situr bara hnípin og þögul þarna aftast í vagninum og hugar að hagsmunum þjóðarinnar. Krónum og aurum okkar Íslendinga frekar en lífi og dauða Palestínumanna.

Fordæming stjórnar þingflokks VG breytir litlu þar um því formaður flokksins er sitjandi forsætisráðherra. Leiðtogi ríkisstjórnarinnar sem íslenska þjóðin framseldi vald sitt fer þá leið að láta bakland sitt taka afstöðu en sitja áfram í þögn í vagninum hjá Donald Trump. Sú staða er vonandi ekki komin til að vera því ef við viljum bæta heiminn þurfum við öll að þora að vera Rosa Parks. Þora að taka afstöðu með friði gegn stríði og lífi gegn morðum. Alltaf og án undantekninga.

**Það sem skiptir ríkisstjórn Íslands máli er að fá að sitja aftast í vagninum sem Trump stýrir á fullri ferð alveg óháð því hver fyrir verður og hún ætlar svo sannarlega ekki að láta henda sér út.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hljóðlát mótmæli**
Talsverð umræða fór fram í gær um það hvort Íslendingar ættu að sniðganga Eurovision á næsta ári. Ástæðan er sú að keppnin mun, að öllu óbreyttu, fara fram í Ísrael. Fljótt á litið virðist sama umræða ekki hafa farið fram á hinum Norðurlöndunum að sama marki. Í það minnsta er ekki hægt að sjá það ef rennt er yfir helstu fréttavefina þar. Þá er bara spurning hvort sniðganga Íslands myndi hafa eitthvað að segja. Árangur íslenskra framlaga undanfarin ár er í það minnsta ekki til marks um það að þátttaka okkar skipti Evrópubúa eitthvað sérstaklega miklu máli.

**Níunda árið gjöfult**
Hugsanlega væri rétt að Ísland slepptí þátttöku í Eurovision í eitt ár. Það gæfi þá aðstandendum keppninnar hér heima svigrúm til þess að brydda upp á nýju fyrirkomulagi við val á framlagi fyrir árið 2020 og við kæmum þá vonandi tvíefld inn í keppnina að nýju. Þeir hjátrúarfullu munu þó hugsanlega vilja vera með á næsta ári. Níunda ár hvers áratugar hefur nefnilega verið Íslendingum gjöfult. Árið 1999 náði Selma Björnsdóttir öðru sætinu, þegar hún keppti í Ísrael. Og árið 2009 náði Jóhanna Guðrún svo aftur öðru sætinu. Það eru því hugsanlega einhverjir með væntingar til ársins 2019.
jonhakon@frettabladid.is

# Tími til að breyta



Eyþór Arnalds
skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðismanna í Reykjavík

**Nú þegar rúm vika er til kosninga í borginni er rétt að spyrja hvernig gengið hafi síðustu fjögur ár. Er ódýrara að leigja eða kaupa? Er auðveldara að komast á milli staða í borginni? Geta öll 18 mánaða börn komist á leikskóla? Er borgin hrein?**

Svarið við þessum spurningum er því miður eitt og það sama. Samt eru þetta einföld grundvallaratriði sem við viljum öll að séu í lagi.

**Valdaþreyta kallar á breytingar**
Sextán ár eru langur tími. Ekki síst í pólitík. Sitjandi borgarstjóri hefur verið í borgarstjórn frá árinu 2002. Mestmegnis í meirihluta og síðustu átta ár óslitið við völd. Það vill brenna við að eftir svona langan tíma verði fólk samdauna kerfinu. Sjái ekki vandann.

Þeir sem þurfa ekki að bíða í Ártúnsbrekkunni í umferðarteppu skilja kannski ekki hvaða áhrif samgönguvandinn hefur á líf fólks í borginni. Þeir sem búa eiga erfitt með að setja sig í spor þeirra sem komast ekki úr foreldrahúsum. Og eftir sextán ár í Ráðhúsinu er einfaldlega kominn tími til að segja þetta gott og skipta um áhöfn.

**Nýtt upphaf**
Það er kominn tími á nýja forystu. Nýtt upphaf. Hrista upp í borgarkerfinu sem hefur staðnað. Hleypa inn nýjum hugmyndum og fólki sem er tilbúið að takast á við viðfangsefnin.

**Breytt aðalskipulag**
Strax að loknum kosningum viljum við gera breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur. Leyfa byggð á Keldum, í Örfirisey, við BSÍ og klára hverfin. Efla Mjódd og styrkja hverfin til sjálfstæðis. Stórbæta samgöngur. Einfalda stjórnkerfið og færa fé til skólanna. Lækka álögur og skatta. Hreinsa borgina reglulega. Gera Reykjavík að raunhæfum kosti fyrir fólkið sem vill búa hér. Förum saman í að breyta borginni. Tökum til í kerfinu. Það er kominn tími til að breyta.

**Þeir sem þurfa ekki að bíða í Ártúnsbrekkunni í umferðarteppu skilja kannski ekki hvaða áhrif samgönguvandinn hefur á líf fólks í borginni.**




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hættulegur leiðari



**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir**
oddviti Borgarinnar okkar – Reykjavík

Í leiðara Fréttablaðsins á uppstigningardag fjallar Kolbrún Bergþórsdóttir um „öfgaöfl“ sem hafi hreiðrað um sig í íslensku samfélagi. Ekki sé öllum jafn vel við að þeir búi í fjölmenningarsamfélagi. Það sé „nöturleg staðreynd“ að fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar hafi tveir borgarfulltrúar náð inn með málflutningi sem hafi „beinst gegn múslimum“. Brýnir Kolbrún fyrir frambjóðendum að taka stöðu með „mannúðinni“. Fagna beri nýjum íbúum, en ekki óttast þá.

**Varað við öfgaöflum**

Ummælin sem Kolbrún telur beinast gegn múslimum voru höfð eftir mér í blaðaviðtali 23. maí 2014. Í viðtalinu kvað ég rétt að afturkalla úthlutun Reykjavíkurborgar á lóð undir mosku í Sogamýri. Í því sambandi vitnaði ég til Sádi-Arabíu og var haft eftir mér: „Það myndu koma peningar að utan ef moska yrði byggð hérna. Ekki spurning. Þeir byrja að streyma inn um leið [og] leyfið fyrir moskunni fæst.“ Með þessu vísaði ég til hins alkunna, að Sádi-Arabar hafa verið öðrum þjóðum duglegri að styrkja byggingu moska í Evrópuríkjum þar sem breidd er út öfgakennd útgáfa af íslamstrú. Flestir skildu orð mín sem varnaðarorð. Varnaðarorð sem í ljós kom að voru á rökum reist.

Ég hafði ekki verið nema örfáa mánuði í borgarstjórn þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greindi frá því að sendiherra Sádi-Araba hefði tjáð honum að Sádi-Arabar hygðust leggja fé til byggingar mosku í Reykjavík. Kvaðst forsetinn hafa orðið „hissa og svo lamaður“ og brýndi fyrir Íslendingum að vakna til vitundar um vandann sem fylgdi öfgafullri íslamstrú. Hafi Kolbrún talið að ég væri einangruð með forsetanum í afstöðu minni ætti hún að fylgjast betur með, því Sádi-Aröbum er í evrópskum fjölmiðlum lýst sem útflytjendum öfgakenndrar útgáfu af íslamstrú. Í leiðara Kolbrúnar virðist því sem tilgangurinn helgi meðalið. Annað er ekki hægt að segja þegar fundið er að því að varað sé við uppgangi erlendra öfgaafla sem sækja hingað.

**Trúarleiðtoginn Es Satty**

Að undanförnu hefur Evrópa kynnst öfgaöflum sem oftar en ekki eru fóstruð í moskum víðs vegar um álfuna. Síðasta sumar var Kolbrún ein þeirra sem leitaði skjóls í verslun í Barcelona þegar íslamistar óku sendiferðabíl á fótgangendur með þeim afleiðingum að 13 létust og 130 slösuðust. Í ljós kom að höfuðpaurinn, Marokkómaðurinn Abdelbaki Es Satty, hafði gerst trúarleiðtogi í mosku á Spáni þar sem hann heilaþvoði trúbræður sína. Þannig þakkaði hann Spánverjum fyrir að samþykkja hælisumsókn sína. Almenningur gerir sér grein fyrir hættunni sem fylgir mönnum eins og Es Satty. Kolbrún blandar þeirri hættu hins vegar saman við það sem hún kallar „þróunina“ í átt til fjölmenningarsamfélags.

**Takmarkalaus mannúð**

Krafan um takmarkalausa „mannúð“ í málefnum hælisleitenda felur í raun í sér kröfu um landamæralaust Ísland. Reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að landamæralaus Evrópa er öryggislaus Evrópa. Þrátt fyrir stóraukna fjárveitingar til löggæsluyfirvalda í evrópskum samfélögum hefur komið í ljós að almenningur treystir ekki yfirvöldum til að mæta hryðjuverkaógninni. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort kjósendur þeirra frambjóðenda sem boða takmarkalausa mannúð vilji virkilega sjá hér þungvopnaða lögreglumenn á götum úti. Ég hef ekki áhuga á að búa í slíku samfélagi og efast um að kjósendur geri það. Slík samfélög öryggisleysis eru hins vegar nöturleg staðreynd í þeim Evrópuríkjum hvar stjórnmálamenn hafa sýnt takmarkalausa „mannúð“. Í mínum huga er það þá mannúð stjórnmálamanna á kostnað öryggisleysis almennings. Öryggið fæst a.m.k. ekki með því að stjórnmálaleiðtogar gangi saman fylktu liði í nafni frelsis og mannúðar. Mér líkar þess vegna ekki leiðari Kolbrúnar. Skal ósagt hvort hann helgast af skilningsleysi eða því að leiðarahöfundurinn sé einfaldlega eins og stjórnmálamennirnir sem skortir kjark til að segja það sem almenningur vonast til að heyra. Mannúð felst líka í því að huga að börnum, öryrkjum, öldruðum og öðrum sem þurfa á stuðningi okkar að halda.

# Setjum hagsmuni íbúa í fyrsta sæti





**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
formaður Viðreisnar

**Þorsteinn Víglundsson**
varaformaður Viðreisnar

Eftir aðeins örfáa daga verður kosið í sveitarstjórnir um land allt. Samfélagsmiðlar eru stútfullir af prúðbúnum frambjóðendum, slagorðin vel útpæld og loforðin alltumlykjandi. Það taka allir þátt í þessum leik, enda skiptir máli að ná til eyrna kjósenda og boða fagnaðarerindið. Þegar keppt er um atkvæði kjósenda er vinsælt að lofa öllu fögru, lasta andstæðinginn og kasta reyksprengjum til þess eins að afvegaleiða umræðuna.

Sveitarstjórnarmálin hafa líklega aldrei verið jafn þýðingarmikil og mikilvæg og nú. Fleiri verkefni og viðtækari eru nú á ábyrgð sveitarfélaga en áður og því skipta ákvarðanir sem teknar eru í sveitarstjórnum miklu máli fyrir daglegt líf fólks. Því þarf að vanda vel til verka og fulltrúar í sveitarstjórnum verða að vera meðvitaðir um þá miklu ábyrgð sem fylgir starfinu. Það skiptir því miklu máli að í sveitarstjórn veljist einstaklingar sem hafa skýr markmið og stefnu, þora að ráðast í breytingar, taka erfiðar ákvarðanir og klára málin. Þessir sömu sveitarstjórnarfulltrúar verða líka að geta átt í góðu samtali og samstarfi við þingið og þá fulltrúa sem þar sitja.

Viðreisn ætlar að tryggja að sú brú verði byggð og notuð í báðar áttir. Þó að Viðreisn sé að bjóða fram í fyrsta skipti í sveitarstjórnarkosningum höfum við þegar sýnt í verki að Viðreisn er stjórnmálaafl sem lætur verkin tala. Viðreisn vill frjálslyndar, jafnréttissinnaðar og lausnamiðaðar sveitarstjórnir um land allt. Við viljum að sveitarfélögin séu vel rekin og að þjónusta við íbúa sé í fyrirrúmi. Það eru víða tækifæri til að gera mun betur. Efla þarf menntakerfið, laða hæft fólk til kennslu og tryggja dagvistunarúrræði frá því að fæðingarorlofi lýkur. Við þurfum að einfalda stjórnsýslu sveitarfélaganna og leggja stóraukna áherslu á rafræna þjónustu. Efla þarf almenningssamgöngur og greiða leið strætisvagna og einkabílsins með fjárfestingu í gatnakerfinu. Tryggja þarf ungu fólki húsnæði við hæfi, hvort heldur sem er með þéttingu byggðar eða þróun nýrra hverfa. Síðast en ekki síst má aldrei gleyma að stuðla að blómlegri og fjölbreyttri menningarstarfsemi sem auðgar andann og gerir lífið skemmtilegra.

Viðreisn setur hagsmuni íbúa í fyrsta sæti en ekki sérhagsmuni flokka eða hagsmunaafla. Þetta er einfalt – að almannahagsmunir gangi framar sérhagsmunum. Þannig mun Viðreisn einnig vinna í sveitarstjórnum.


JAGUAR
LAND ROVER

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6




**Jaguar F-pace S**
Árgerð 2017, ekinn 15 Þ.KM, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.390.000 kr.**
Rnr. 103627.



**Range Rover Sport**
Árgerð 2014, ekinn 49 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 9.590.000 kr.**
Rnr.103622.




**Land Rover Discovery 5 HSE Lux.**
Árgerð 2018, ekinn 3.6 Þ. KM, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 14.690.000 kr.**
Rnr. 103631.




**Jaguar F-pace S Supercharged.**
Árgerð 2017, ekinn 7 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 13.900.000 kr.**
Rnr.144409.



**Range Rover Evoque HSE**
Árgerð 2016, ekinn 40 Þ.KM, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.990.000 kr.**
Rnr. 370878.



**Land Rover Discovery 4 SE**
Árgerð 2015, ekinn 72 Þ.KM, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.850.000 kr.**
Rnr.103623.




**Range Rover Evoque HSE Dynamic.**
Árgerð 2016, ekinn 29 Þ.KM, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.590.000 kr.**
Rnr. 390239.



**BMW X5 40e**
Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 9.990.000 kr.**
Rnr.144783.

ENNEMM / SÍA / NM88274

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari - Komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

## Allt jafnt í úrslitaeinvíginu



**Öflugur Ísak** FH vann þriggja marka sigur á ÍBV, 28-25, í öðrum leik liðanna í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta í gær. Með sigrinum jafnaði FH metin í 1-1. Liðin mætast í þriðja sinn í Eyjum annað kvöld. FH-ingar voru heilt yfir sterkari í leiknum í gær og lönduðu góðum sigri, þrátt fyrir að fyrirliði liðsins, Ásbjörn Friðriksson, væri ekki með vegna meiðsla. Ísak Rafnsson fékk tækifæri í sókn og nýtti það vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þakklát fyrir mikla búbót

**Tæplega níu milljónum króna hefur verið úthlutað úr afrekssjóði Frjálsíþróttasambands Íslands. Framlag ríkisins hefur aukist og þá hefur gengið vel að fjölga styrktaraðilum. Framkvæmdastjóri FRÍ er ánægður.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands, FRÍ, samþykkti á fundi sínum í upphafi vikunnar þá tillögu sem afrekssjóður sambandsins lagði fyrir stjórnina um fyrri úthlutun úr sjóðnum fyrir árið 2018.

Nýverið var framlag ríkissjóðs til afrekssjóðs ÍSÍ hækkað og við það eykst það fjármagn sem sjóður á borð við afrekssjóð FRÍ hefur úr að spila.

Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ, segir að aukinheldur hafi sambandinu gengið vel að laða að sér styrktaraðila fyrir afrekssjóðinn.

„Það var ofboðslega jákvætt skref tekið þegar ríkið ákvað að stíga fastar til jarðar hvað varðar styrkveitingu sína til sérsambanda á borð við okkur. Við erum í efsta flokki þegar kemur að styrkjum til sérsambanda og við erum mjög ánægð með framlag ríkissjóðs. Þá hefur stuðningsaðilum fjölgað og styrkir þeirra hækkað undanfarið,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið.

Afrekssjóður FRÍ úthlutar nú tæpum níu milljónum króna, en sjóðurinn byggir á ýmsum tekjum sambandsins, til að mynda þeim sem koma í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ og styrkjum sem FRÍ safnar eins og áður kemur fram. Guðmundur segir að jákvæð skref hafi verið tekin á undanförnum árum, en vissulega megi gera betur fyrir okkar fremsta fólk í frjálsum íþróttum.

„Okkar stærsta verkefni í sumar í fullorðinsflokki er Evrópumeistaramótið sem fram fer í Berlín í Þýskalandi. Þessir styrkir duga vissulega ekki einir og sér til þess að afreksfólk sem við eigum geti æft á pari við afreksfólk stærstu þjóðanna í frjálsíþróttaheiminum. Þetta borgar ekki þann kostnað sem kemur til varðandi þátttöku þeirra á stórmótum. Þetta er hins vegar mikil búbót og við erum afar þakklát fyrir þetta,“ sagði Guðmundur enn fremur um styrkveitinguna.

„Afreksefni okkar verða svo á ferðinni á Evrópumeistaramóti U18 sem fram fer í Györ í Ungverjalandi í byrjun júlí og svo er Heimsmeistaramót U20 viku seinna í Tampere í Finnlandi. Við erum komin með nokkra þátttakendur inn á þessi mót og svo eru fjölmörg verkefni fram undan hér heima og erlendis þar sem þátttakendum á mótinu gæti klárlega fjölgað. Framtíðin er björt í frjálsum íþróttum hér á Íslandi,“ segir Guðmundur um komandi verkefni hjá íslensku frjálsíþróttafólki. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Olís-deild karla, úrslit**

**FH - ÍBV 28-25**

**FH:** Óðinn Þór Ríkharðsson 10, Ísak Rafnsson 5, Arnar Freyr Ársælsson 4, Einar Rafn Eiðsson 4/1, Gísli Þorgeir Kristjánsson 2, Jóhann Birgir Ingvarsson 2, Jóhann Karl Reynisson 1.

**ÍBV:** Theodór Sigurbjörnsson 6/2, Sigurbergur Sveinsson 5, Róbert Aron Hostert 4, Agnar Smári Jónsson 3, Grétar Þór Eyþórsson 2, Dagur Arnarsson 1, Daníel Örn Griffin 1, Kári Kristján Kristjánsson 1, Elliði Snær Viðarsson 1, Aron Rafn Eðvarðsson 1.

*Staðan í einvíginu er 1-1. Liðin mætast næst í Eyjum annað kvöld.*

**Pepsi-deild kvenna**

**HK/Víkingur - Breiðablik 1-3**

0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (33.), 0-2 Fjolla Shala (37.), 1-2 Kristina Maureen Maksuti (67.), 1-3 Agla María Albertsdóttir, víti (90+3.).

**KR - FH 1-2**

0-1 Marjani Hing-Glover (42.), 1-1 Tijana Krstic (59.), 1-2 Hugrún Lilja Ólafsdóttir, sjálfsmark (66.).

**Stjarnan - Selfoss 1-0**

1-0 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (22.).

**Grindavík - Valur 0-3**

0-1 Málfríður Erna Sigurðardóttir (7.), 0-2 Ásdís Karen Halldórsdóttir (14.), 0-3 Elín Metta Jensen, víti (67.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 9 | KR | 3 |
| Þór/KA | 9 | FH | 3 |
| Valur | 6 | HK/Víkingur | 3 |
| Stjarnan | 6 | Selfoss | 0 |
| ÍBV | 3 | Grindavík | 0 |

## Guðjón áfram á Hlíðarenda

**FÓTBOLTI** Guðjón Pétur Lýðsson verður áfram í herbúðum Vals. Valsmenn sendu frá sér fréttatilkynningu þess efnis í gærkvöldi. Félagaskiptaglugginn lokaði á miðnætti.

Guðjón hefur byrjað á bekknum í tveimur af þremur leikjum Vals í Pepsi-deildinni og í fyrradag óskaði hann eftir að fá að fara frá félaginu.

Ekkert varð hins vegar úr því og Guðjón verður áfram hjá Val, allavega til 15. júlí þegar félagaskiptaglugginn opnar á ný.

Guðjón var í lykilhlutverki hjá Val þegar liðið varð Íslandsmeistari á síðasta tímabili. Hann skoraði þá átta mörk í 22 deildarleikjum. **– iþs**

VERTU REYKLAUS
Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL

15% AFSLÁTTUR*

* 2MG og 4MG 204 stk pakkningum. Gildir af öllum bragðtegundum.




Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ - lægra verð

# Byrjar að spila með Víkingi eftir HM

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Víkings R. fengu heldur betur góðar fréttir í gær þegar greint var frá því að landsliðsmaðurinn Kári Árnason væri á leið aftur í Fossvoginn.

Kári skrifaði undir samning við Víking sem gildir út tímabilið 2019. Hann byrjar að spila með Víkingum eftir heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar.

Tvö íslensk félög munu því eiga fulltrúa á heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Víkingar eiga Kára og Valsmenn Birki Má Sævarsson. Enginn leikmaður í EM-hópnum fyrir tveimur árum lék hér á landi.

Kári, sem er uppalinn hjá Víkingi, lék síðast með liðinu sumarið 2004. Hann kom víða við á löngum ferli í atvinnumennsku og lék í Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Skotlandi og á Kýpur. Í vetur lék Kári, sem er 35 ára, með Aberdeen í skosku úrvalsdeildinni. Hann kom við sögu í 21 deildarleik og skoraði þrjú mörk.

Hjá Víkingi hittir Kári fyrir sinn gamla félaga, Sölva Geir Ottesen, sem gekk í raðir Víkings í vetur. Þeir félagar munu væntanlega mynda ógnarsterkt par í miðri vörn Fossvogsliðsins sem hefur farið vel af stað á tímabilinu. Víkingur situr í 4. sæti Pepsi-deildarinnar með fimm stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar. Víkingar eru eitt þriggja liða í Pepsi-deildinni sem hafa ekki enn tapað leik á tímabilinu. **– iþs**

**»** Kári Árnason lék síðast með Víkingi í 3-0 tapi fyrir ÍBV á Hásteinsvelli í efstu deild 29. ágúst 2004.



**Kári hefur verið í lykilhlutverki í vörn Íslands síðustu ár.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Birkir Bjarnason kom inn á undir lokin.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Einum sigri frá úrvalsdeildinni

**FÓTBOLTI** Aston Villa er komið í úrslit umspils um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Birkir Bjarnason og félagar gerðu markalaust jafntefli við Middlesbrough á heimavelli í gær og það dugði til því Villa vann fyrri leikinn 0-1. Birkir kom inn á sem varamaður í uppbótartíma í leiknum í gær.

Villa mætir Fulham í úrslitaleik á Wembley 26. maí næstkomandi. Sigurvegarinn fylgir Wolves og Cardiff City upp í ensku úrvalsdeildina.

Villa féll niður í ensku B-deildina vorið 2016. Á síðasta tímabili gekk illa hjá Villa en gengið var mun betra í vetur. Birkir og félagar enduðu í 4. sæti deildarinnar og eru nú aðeins einum sigri frá því að vinna sér sæti í deild þeirra bestu á nýjan leik. **– iþs**



**Einar Sverrisson frá Selfossi er í landsliðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Sextán úr Olís-deildinni

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, hefur valið 30 manna æfingahóp fyrir leikina gegn Litháen í umspili um sæti á HM 2019.

Sextán af 30 leikmönnum í íslenska hópnum leika í Olís-deildinni. Valur og Selfoss eiga flesta fulltrúa í hópnum, eða þrjá hvort félag. Einar Sverrisson, sem lék frábærlega með Selfyssingum í úrslitakeppninni, og Arnar Birkir Hálfdánsson eru þeir einu í hópnum sem hafa ekki leikið A-landsleik.

Æfingar með hluta hópsins hefjast 23. maí næstkomandi. Fyrri leikurinn gegn Litháen fer fram í Vilníus 8. júní og sá seinni í Laugardalshöllinni 13. júní. **– iþs**











EINFALDAÐU LÍFIÐ

Heimavellir bjóða nýjan valkost á húsnæðismarkaði – örugga langtímaleigu fyrir 55 ára og eldri.

Þú einfaldar lífið með því að greiða fasta leigufjárhæð mánaðarlega og losnar við allt umstang t.d. við húsfélag, þrif á sameign og viðhald á húsi.

VANDAÐAR ÍBÚÐIR

Glæsilega hannaðar íbúðir með áherslu á birtu og rými, 79-148 m² að stærð. Vandaðar innréttingar, góð tæki, parket á gólfum en flísar á baðherbergjum og þvottahúsi. Í eldhúsi fylgja uppþvottavél og ísskápur.

Svalir eru á hverri íbúð en íbúðir á jarðhæð hafa aðgang að útipalli. Fullfrágengin sameign og lóð með hita í stéttum.

NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA

Boðaþing er staðsett í fallegu umhverfi þar sem stutt er að fara til að njóta náttúrunnar við Elliðavatn og í Heiðmörk.

Þá er Boðinn þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í nágrenni íbúðanna. Þar er hægt að sækja fjölbreytta þjónustu þegar fram líða stundir.



60 nýjar íbúðir til langtímaleigu í Boðaþingi í Kópavogi

LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMAVELLIR ÖRUGGLEIGA

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sif Sigurðardóttir**

kennari,
Kvisthaga 27,
Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 10. maí. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. maí klukkan 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Atli Heimir Sveinsson**
**Sjöfn Blöndal**
**Auðunn Árni Blöndal** — **Stefanía Björg Eggertsdóttir**
**Edda Lúvísa Blöndal** — **Páll Hólm Sigurðsson**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Egilson**

fv. flugumferðarstjóri og bóndi,
Grund 2, Eyjafjarðarsveit,

lést í faðmi fjölskyldunnar á sjúkrahúsinu á Akureyri 6. maí sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 23. maí kl. 13.30.

**Auður Birna Egilson**
**Þorsteinn Egilson**
**Bryndís Egilson** — **Stefán Sch. Árnason**
**Kjartan Steinarr Egilson**
**Snæfríð Egilson** — **Ivan Falck-Petersen**
**Agla Egilson** — **Jónas Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl Jóhannsson**

Kringlumýri 1, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri 10. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 22. maí kl. 13.30. Starfsfólki á skurðdeild SAK og hjúkrunarheimilinu Hlíð eru færðar bestu þakkir fyrir kærleiksríka umönnun.

**Reynir Karlsson** — **Anna Sigríður Halldórsdóttir**
**Heimir Karlsson** — **Elfa Hauksdóttir**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar,

**Ragnar Hallsson**

frá Hallkelsstaðahlíð,

lést þann 12. maí, í Brákarhlíð í Borgarnesi. Útförin fer fram frá Kolbeinsstaðakirkju laugardaginn 19. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: www.brakarhlid.is.

**Sigríður Herdís Hallsdóttir**
**Anna Júlía Hallsdóttir**
**Sigfríður Erna Hallsdóttir**
**Margrét Erla Hallsdóttir**
**Sveinbjörn Hallsson**
**Elísabet Hildur Hallsdóttir**
**Halldís Hallsdóttir**



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**Katrín Þóroddsdóttir**

lést á öldrunarheimilinu Hlíð sunnudaginn 13. maí.

**Sæmundur Þóroddsson**
**Baldvin Þóroddsson** — **Petra Verschüer**
**Snjólaug Þóroddsdóttir** — **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Kristín S. Þóroddsdóttir**
**Guðjón S. Þóroddsson** — **Kristín M. Magnadóttir**
**og fjölskyldur.**



Svavar og Berglind verða með fullt fjós af fjöri í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Logandi stuð í Havarí

**Hátíðin Sumar í Havarí byrjar nú í lok maí og stendur yfir fram í lok ágúst. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin formlega. Mikið af tónlist og fjöri er komið á blað, meðal annars verður Hæglætishátíð um verslunarmannahelgina þar sem verður sett í bakkgír.**

Þetta er annað árið í röð sem við höldum þessa sumarhátíð sem við köllum Sumar í Havarí. Þetta byrjar núna tuttugasta maí. Við byrjum á því að Prinsinn af Karlsstöðum ætlar að enda túrinn sinn í Havarí á sunnudaginn og byrja þar með Sumarið í Havarí,“ segir Svavar P. Eysteinsson, bóndi, staðarhaldari og tónlistarmaður, sem er í miðjum klíðum við að undirbúa Havarí undir sumarið þegar blaðamaður nær tali af honum – en þar verður standandi festival allt frá maí og langt fram í ágúst.

„Þetta er gamla fjárhúshlaðan á bænum sem við tókum í gegn fyrir tveimur, þremur árum og umturnuðum yfir í veitinga- og tónleikastað – aðallega tónleikastað því að okkur langaði að bjóða upp á lifandi músík, myndlist og bíó, bara menningarvettvang. Svo eru veitingar líka: kaffi og bulsur og með því. Svo fórum við bara að bóka hljómsveitir – Jónas Sig opnaði þetta hjá okkur fyrir þremur árum. Síðan hefur þetta bara undið upp á sig. Hljómsveitirnar vilja koma og okkur hefur gengið vel að draga hljómsveitir á staðinn, fólk hefur verið duglegt að mæta þannig að þetta hefur verið dúndrandi stemming hérna hjá okkur á sumrin. Við erum að miða við að það sé gigg aðra hverja helgi en svo hefur þetta aðeins breyst – stundum eru nokkur gigg í viku, fer svolítið eftir því hvenær listamennirnir eru á ferðinni og svona.“

## Sumar í Havarí

**20. maí**
Prins Póló

**1. júní**
Emmsjé Gauti

**2. júní**
Ævintýri President Bongo og Tilbury

**15. júní**
Með allt á hreinu – Söngbíó

**30. júní**
Valdimar

**6. júlí**
FM Belfast + Hermigervill

**9. júlí**
Olga Vocal Ensemble

**12. júlí**
Austurvígstöðvarnar

**13. og 14. júlí**
Regnbogahátíð í samstarfi við Pink Iceland.
Hljómsveitin Eva og Lay Low.

**19. júlí**
Hildur

**26. júlí**
Ösp Eldjárn

**29. júlí**
GÓSS – Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar

**verslunarmannahelgin**
Hæglætishátíð – dagskrá auglýst síðar

**11. ágúst**
Hildur Vala og Jón Ólafsson

**18. ágúst**
Ed Hamell

Listafólk staldrar reglulega við í Havarí enda alltaf heitt á könnunni og glóðvolgar bulsur á grillinu og stjörnumeðferð í boði frá ábúendum.

„Við reynum líka að bjóða listamönnunum að vera bara eins og þeir vilja, að slaka á hjá okkur og gera eitthvað úr þessu, njóta lífsins og við reynum að dekra við þau eins og við getum.“

Og dagskráin er þétt og má finna helsta tónlistarfólk landsins á henni. Emmsjé Gauti kemur þarna við á ferðalagi sínu um landið, en það verður allt kvikmyndað og birt í sérstökum netþáttum. Um miðjan júní verður Sing-a-Long sýning á Með allt á hreinu. Í júlí verður Regnbogahátíð í samstarfi við Pink Iceland. Svo er það hæglætishátíðin um verslunarmannahelgina.

„Við ætlum að fara í bakkgírinn í slökun. Við gerðum þetta í fyrra og þá vorum við með jógagöngur niður í fjöru og tónlistarmaraþon með tónlist um hafið og bara alls konar hæglætisvitleysu. Við vitum ekki nákvæmlega hvað við ætlum að gera eða hverjir ætla að spila – en það eru nokkrir í pottinum. Við mælum bara með að fólk taki frá verslunarmannahelgina fyrir austan og við sjáum um skemmtunina.“

Sumrinu lýkur svo með Ed Hamell, listapönkara frá Bandaríkjunum.

„Það verður logandi stuð á sviðinu í allt sumar og dansgólfið alveg rennandi blautt.“

**stefanthor@frettabladid.is**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Egilsdóttir**

Bakkastöðum 1a,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 2. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sæmundur Pétursson**
**Eygló Baldursdóttir** — **Guðmundur Jóhannsson**
**Kjartan Baldursson** — **Edda Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sveinn Þorgeir Brynjólfsson**

Birkiteigi 33, Keflavík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, föstudaginn 4. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Alúðarþakkir til starfsfólks Nesvalla fyrir frábæra umönnun.

**Guðrún Helga Þorsteinsdóttir,**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. maí 2018 | 19. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Ferðaþjónustan brást of seint við breyttum aðstæðum

Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Eldeyjar sem fjárfestir í ferðaþjónustu, segir of mikið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum í greininni. Stjórnendur brugðust ekki við breyttum veruleika með því að breyta og hagræða í rekstri fyrr en síðasta haust. Hún segir að árið 2017 hafi verið „skelfilegt ár“ hjá flestum fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

»6-7

MYND/ANTON BRINK



»2

## TeaTime fær 770 milljónir króna frá erlendum fjárfestum

Íslenska tæknifyrirtækið Teatime, sem stofnað var af frumkvöðlunum sem stóðu að Plain Vanilla, hefur aflað 7,5 milljóna dala í nýtt hlutafé. Fjármagnið verður notað til að fjölga starfsfólki á Íslandi.

»4

## Alvogen ræður Jefferies sem ráðgjafa vegna mögulegrar sölu

Bankinn Jefferies hefur verið ráðinn til þess að veita lyfjafyrirtækinu Alvogen ráðgjöf við mögulega sölu á starfsemi þess í Mið- og Austur-Evrópu. Samkvæmt fjárfestakynningu skilaði starfsemin tekjum upp á 200 milljónir dala í fyrra.

»8

## Kúkú Campers í formlegt söluferli

Fimm ferðaþjónustufyrirtæki og eitt fasteignafélag, þar á meðal húsbílaleigan Kúkú Campers, hafa verið sett í söluferli. EBITDA félaganna var samanlagt um 600 milljónir á árinu 2017.




# Stoðir bjóðast til að kaupa út smærri hluthafa

**18**

**milljarðar er eigið fé fjárfestingarfélagsins Stoða.**

Stoðir, sem eru í meirihlutaeigu meðal annars Jóns Sigurðssonar, Einars Arnar Ólafssonar og Magnúsar Ármanns í gegnum eignarhaldsfélagið S121, munu á næstu vikum gera öllum minni hluthöfum tilboð um að kaupa bréf þeirra í félaginu. Á meðal smærri hluthafa eru ýmsir íslenskir lífeyrissjóðir og erlendar fjármálastofnanir.

Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvaða verð hluthöfunum mun bjóðast fyrir bréf sín en á nýafstöðnum aðalfundi Stoða, sem fór fram síðastliðinn föstudag, var upplýst um að félagið hefði gengið frá samkomulagi um kaup á litlum hlut af erlendum fjárfestingarsjóði á genginu 0,85 miðað við núverandi bókfært eigið fé, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eigið fé Stoða er um átján milljarðar króna, sem samanstendur einungis af reiðufé, en félagið fékk í lok síðasta mánaðar greiddar um 144 milljónir evra fyrir tæplega 8,9 prósenta hlut sinn í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco.

Á aðalfundi Stoða, sem lauk nauðasamningum 2009 og hefur frá þeim tíma unnið að því að umbreyta eignum í reiðufé og greiða út til hluthafa, var ákveðið að breyta tilgangi félagsins og það myndi halda áfram starfsemi sem fjárfestingafélag, líkt og Markaðurinn upplýsti um í ársbyrjun að vilji væri til hjá stærstu hluthöfum. Ljóst er að Stoðir eru því núna orðnar eitt stærsta fjárfestingarfélag landsins, en hluthafahópurinn samanstendur að mestu af einkafjárfestum. Arion banki og Landsbankinn eiga samanlagt rúmlega 30 prósenta hlut í Stoðum en ólíklegt þykir að bankarnir muni losa um bréf sín í félaginu á næstunni, samkvæmt heimildum Markaðarins. Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion, hefur hins vegar farið úr stjórn Stoða og Gunnar Sturluson, hæstaréttarlögmaður hjá Logos, tekið sæti hennar í stjórninni.

Þá var samþykkt á aðalfundinum heimild til að auka hlutafé Stoða um allt að fimm milljarða króna að nafnvirði en hluthafar félagsins munu hafa forkaupsrétt að nýjum bréfum sem verða gefin út af félaginu fyrir fjóra milljarða.

Félagið S121 á rúmlega 50 prósenta hlut í Stoðum en auk Jóns, Einars Arnar og Magnúsar samanstendur hluthafahópur þess meðal annars af Þorsteini M. Jónssyni, fyrrverandi eiganda Vífilfells, Malcolm Walker, stofnanda og eiganda bresku verslunarkeðjunnar Iceland Foods, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Jóhanni Arnari Þórarinssyni, forstjóra veitingarisans Foodco. **– hae**



**Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða.**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






**Þorsteinn B. Friðriksson, forstjóri TeaTime, segir að fjármagnið verði nýtt til að fjölga starfsfólki hér á landi úr 13 í um það bil 20, eins og sakir standa. Hann vill ekki að félagið vaxi jafn hratt og Plain Vanilla.**

# Fjárfestar leggja 770 milljónir í TeaTime

TeaTime, sem stofnað var í fyrrasumar af fyrrverandi starfsmönnum Plain Vanilla, hefur safnað tæplega milljarði króna frá alþjóðlegum fjárfestum. Meirihluti fyrirtækisins er enn í eigu Íslendinga. Stefnt er á að fyrsta varan komi í haust.

Íslenska tæknifyrirtækið Teatime, sem stofnað var meðal annars af frumkvöðlunum sem stóðu að Plain Vanilla, hefur aflað 7,5 milljóna dollara, sem samsvarar 770 milljónum króna, í nýtt hlutafé. Áður höfðu alþjóðlegir fjárfestar lagt félaginu til 1,6 milljónir dollara, jafnvirði 164 milljóna. Frá stofnun fyrirtækisins í júlí í fyrra hafa fjárfestar því lagt Teatime til tæpan milljarð í hlutafé. Teatime hyggst þróa fyrsta rauntíma-samskiptavettvanginn fyrir farsímaleiki. Stefnt er á að fyrsta vara félagsins komi á markað í haust.

Þorsteinn B. Friðriksson, forstjóri Teatime, segir í samtali við Markaðinn að nýsköpunarsjóðirnir sem gengu í hluthafahópinn nú séu á meðal þeirra stærstu í Evrópu og séu einnig umsvifamiklir í Bandaríkjunum. „Meirihluti Teatime er enn í eigu Íslendinga,“ segir hann og bætir við að félagið hafi einungis tvisvar fengið fjármagn frá fjárfestum. Fjárfestar erlendis vilji ekki taka of stóra sneið fyrst um sinn því það dragi úr hvata frumkvöðlanna til að efla félagið.

Aðalfjárfestirinn í hlutafjáraukningunni er Index Ventures, fjárfestingarsjóður sem hefur fjárfest í leikjafyrirtækjum á borð við King, Roblox og Supercell. Fjárfestingarsjóðurinn Atomico, sem hefur meðal annars fjárfest í leikjafyrirtækjunum Supercell, Rovio og Bossa Studios, tekur einnig þátt í hlutafjáraukningunni. Í kjölfarið settust Guzman Diaz frá Index Ventures, Mattias Ljungman frá Atomico og Davíð Helgason, stofnandi Unity Technologies, í stjórn Teatime.

Þorsteinn segir að þeir hafi verið í þeim sporum að geta valið og hafnað hverjir tækju þátt í hlutafjáraukningunni. „Við fengum ótrúlegan meðbyr frá þeim sem starfa í bransanum, ég hef ekki fundið fyrir öðru eins.“ Hann telur að það helgist af því hve góð hugmyndin sé og að þeir hafi sýnt fram á í störfum sínum fyrir Plain Vanilla að teymið geti framleitt vöru.

Stofnendur Teatime eru Þorsteinn, Ýmir Örn Finnbogason, Jóhann Bergþórsson og Gunnar Hólmsteinn. Þeir voru stofnendur eða lykilstarfsmenn hjá Plain Vanilla, sem þróaði QuizUp spurningaleikinn sem náði til yfir 100 milljóna notenda. Glu Mobile keypti Plain Vanilla árið 2016 eftir að hætt var við fyrirhugaðan þátt á bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC sem átti að byggja á QuizUp og ekki tókst að finna leiðir til að afla tekna til að knýja áframhaldandi vöxt. Öllum starfsmönnum félagsins var í kjölfarið sagt upp. „Við erum einstaklega spenntir fyrir verkefninu. Þetta er saga frumkvöðla: að halda alltaf áfram,“ segir Þorsteinn.

Teatime hyggst nota fjármagnið frá nýju fjárfestunum til að fjölga starfsfólki sínu hér á landi, sérstaklega forriturum, og þróa samskiptatækni sína enn frekar. Til að mynda til að bjóða upp á samþættingu hennar við aðra leikjaframleiðendur. Þorsteinn segir að starfsmennirnir séu nú 13 og að hann vilji ekki að þeir verði mikið fleiri en 20, eins og sakir standa. „Eitt af því sem erfitt var að takast á við hjá Plain Vanilla var hve hratt félagið stækkaði,“ segir hann.

Þorsteinn segir að TeaTime sé að þróa tækni sem geri fólki kleift að vera „í persónulegri samskiptum þegar það er að spila leiki“. Hugmyndin sé að þegar fólk spili tölvuleiki á farsíma sé það einkum eitt að spila eða á móti öðrum en aldrei í alvöru samskiptum við manneskju. Lausn TeaTime geri það að verkum að hægt sé að vera í beinum samskiptum við aðra á meðan keppt er í tölvuleik. „Aðalverkefnið verður að búa til þessa tækni. En við sjáum fram á að gera bæði okkar eigin leiki og vinna með öðrum leikjaframleiðendum,“ segir hann.

**helgivifill@frettabladid.is**

# Íslenski markaðurinn í erlenda vísitölu

MSCI, eitt stærsta vísitölufyrirtæki heims, hefur hleypt af stokkunum nýrri vísitölu fyrir íslenska hlutabréfamarkaðinn. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir í samtali við Markaðinn að þetta sé í fyrsta skipti sem erlend fyrirtæki ýti úr vör vísitölu fyrir íslenska markaðinn. Ef fram fer sem horfi muni FTSE einnig kynna til leiks vísitölu fyrir íslenska hlutabréfamarkaðinn. „Þetta eru söguleg tíðindi að því leyti. Við að koma inn í mengi þessara fyrirtækja,“ segir hann.

„Þetta er merki um aukna eftirspurn eftir því að fjárfesta á Íslandi og MSCI er að bregðast við henni. Í framhaldinu ætti þetta að auka frekar eftirspurn eftir hlutabréfum hérlendis,“ segir Páll og nefnir að losun gjaldeyrishafta leiki stórt hlutverk í auknum áhuga erlendra vísitölufyrirtækja. Íslenska MSCI-vísitalan ber nafnið MSCI Iceland Investable Market Index og samanstendur af ellefu fyrirtækjum. Hún fellur undir hatt landa sem eru skör neðar en nýmarkaðsríki, þar á meðal eru Argentína, Líbanon og Kúveit.

„Eftir því sem tíminn líður komumst við í hærri flokk. Þetta er eins og með lánshæfismat, það batnar með því að sýna góðan árangur,“ segir Páll. „Við teljum að við séum komin inn fyrir þröskuldinn hjá MSCI og að næsta skref sé að komast í fleiri vísitölur.“

**helgivifill@frettabladid.is**



**Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.**


Við sköpum lifandi hafnarhverfi í hjarta miðborgarinnar.
AUSTURHÖFN
101 REYKJAVÍK
71 ÍBÚÐ Á EINSTÖKUM STAÐ Í NÝJU HAFNARHVERFI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR. ALLT ÞAÐ BESTA SEM BORGARLÍFIÐ HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA Í NÆSTA NÁGRENNI. FALLEGT ÚTSÝNI ÚT Á SUNDIN OG YFIR ESJUNA.
WWW.AUSTURHOFN.IS

# Alvogen ræður Jefferies sem ráðgjafa

**Bankinn Jefferies hefur verið ráðinn til þess að veita lyfjafyrirtækinu Alvogen ráðgjöf við mögulega sölu á starfsemi þess í Mið- og Austur-Evrópu. Bankinn hefur útbúið kynningu á starfseminni fyrir fjárfesta. Starfsemin gæti verið allt að 100 milljarða króna virði.**

Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur ráðið fjárfestingarbankann Jefferies sem ráðgjafa í tengslum við mögulega sölu á starfsemi fyrirtækisins í mið- og austurhluta Evrópu. Í fjárfestakynningu sem bankinn hefur útbúið og Markaðurinn hefur undir höndum kemur fram að starfsemin hafi skilað tekjum upp á um 200 milljónir dala, sem jafngildir um 20,6 milljörðum króna, á síðasta ári.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) sem hlutfall af tekjum er jafnframt sagður hafa verið mitt á milli 20 og 30 prósent á árinu.

Í kynningunni, sem er dagsett 5. apríl, er ekki minnst berum orðum á Alvogen heldur er félag að nafni Alloy Group sagt hafa ráðið Jefferies til þess að veita ráðgjöf vegna sölunnar. Af efnisatriðum kynningarinnar má þó ljóslega ráða að hún fjalli um starfsemi lyfjafyrirtækisins Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri hjá Alvogen, sagðist í samtali við Markaðinn ekki vilja tjá sig um trúnaðargögn. Hann sagði við Viðskiptablaðið í mars að engin ákvörðun hefði verið tekin um að selja starfsemi fyrirtækisins í Evrópu.

Umrætt verkefni ber vinnuheitið „Project Nuna“. Í kynningunni er starfsemi Alvogen í mið- og austurhluta Evrópu kynnt sem ákjósanlegur fjárfestingarkostur. Er fyrirtækið sagt vera í góðri stöðu til þess færa sér í nyt þau miklu vaxtartækifæri sem fyrir hendi eru á evrópskum nýmörkuðum, en tekið er fram að gert sé ráð fyrir að lyfjamarkaðurinn í þessum hluta álfunnar vaxi að meðaltali um 5,2 prósent á ári frá 2016 til 2020. Mun veltan á markaðinum þá vera um 22,4 milljarðar evra, 2.738 milljarðar króna, árið 2020.

Búist er við sérstaklega miklum vexti á Rússlandsmarkaði, að því er segir í kynningunni, eða um 8 prósent að meðaltali á ári næstu þrjú árin.

Vöxtur starfseminnar síðustu átta árin er rakinn með ítarlegum hætti í kynningunni. Er sala Alvogen á svæðinu sögð hafa vaxið að meðaltali um 30 prósent á ári frá árinu 2011, árleg velta sé nú um 200 milljónir dala og EBITDA-hlutfall jafnframt í kringum 25 prósent.

Miðað við hefðbundna EBITDA-margfaldara fyrir lyfjafyrirtæki á nýmörkuðum gæti heildarvirði Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu þannig numið hátt í einum milljarði dala, samkvæmt lauslegum útreikningum Markaðarins, eða sem jafngildir ríflega 100 milljörðum króna. Er það í samræmi við það sem heimildarmenn Reuters tjáðu fréttaveitunni í síðasta mánuði.

Yfir 900 manns starfa hjá Alvogen í mið- og austurhluta Evrópu og þar af um 450 í sölu- og markaðsmálum. Fyrirtækið hefur vaxið hratt í álfunni með samrunum og yfirtökum en til dæmis festi það kaup á rússneska lyfjafyrirtækinu Omega Bittner á síðasta ári og Labormed, sem var eitt stærsta samheitalyfjafyrirtæki í Rúmeníu, árið 2012.

Alvogen er í meirihlutaeigu alþjóðlegu fjárfestingarsjóðanna CVC Capital Partners og Temasek.

Morgunblaðið greindi frá því í mars að Róbert Wessmann, forstjóri og stofnandi Alvogen, ætti tilkall til ríflega 22 prósenta hlutar í lyfjafyrirtækinu. Fram kom að hlutur Róberts væri vistaður í sjálfseignarsjóði á Jersey. Staðfesti Árni Harðarson, aðstoðarforstjóri Alvogen, að sjóðurinn hefði eignast 74 prósenta hlut í eignarhaldsfélaginu Aztiq Finance Holding í Lúxemborg árið 2015 en það félag fer með um 30 prósenta hlut í lyfjafyrirtækinu. Árni hafnaði því hins vegar að Róbert réði yfir hlutnum í raun.

Markaðinum barst bréf frá lögmannsstofunni White & Case í Lundúnum þar sem þess var krafist, fyrir hönd Alvogen Lux Holdings, að ekki yrði greint frá innihaldi kynningarinnar sem blaðið hefur undir höndum. Að öðrum kosti áskildi félagið sér allan rétt til þess að grípa til lagalegra úrræða, þar á meðal að fara fram á lögbann.

hordur@frettabladid.is,
kristinningi@frettabladid.is



**Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, stofnaði lyfjafyrirtækið með samstarfsmönnum sínum árið 2009.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**200**

**milljónir dala voru tekjur Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu í fyrra.**






brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



Hrönn segir að Eldey horfi til þess að sameina félög og skapa sterkari einingar. Fréttablaðið/Anton Brink

# Segir það óþarfi að fyllast skelfingu

**Hrönn Greipsdóttir er framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Eldeyjar sem fjárfestir í ferðaþjónustu. Árið 2015 þegar fjárfestingafélaginu Eldey var hleypt af stokkunum lá fyrir að í nánustu framtíð yrði þörf á að þjappa afþreyingargeira ferðaþjónustunnar betur saman.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Margir í ferðaþjónustu eru mjög áhyggjufullir um þessar mundir. Það skýrist af því hve margir þeirra hafa ekki upplifað annað en góðæri. Það er óþarfi að fyllast skelfingu jafnvel þótt á móti blási og aðstæður í rekstrinum séu krefjandi. Ég vitna stundum í orð Biblíunnar. Það koma sjö feit ár og sjö mögur ár. Að því sögðu er rétt að árétta að því öflugri sem fyrirtækin eru, þeim betur mun þeim auðnast að sigla í gegnum storminn,“ segir Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Eldeyjar, sem stýrt er af dótturfélagi Íslandsbanka, Íslandssjóðum, og fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu.

Alkunna er að sterkt gengi krónu og aukinn launakostnaður í bland við almennar kostnaðarhækkanir hefur dregið úr arðsemi ferðaþjónustunnar. Í kjölfar styrkingar krónunnar hefur kauphegðun ferðamanna breyst í þá veru að þeir leyfa sér minna og fara til dæmis í færri skipulagðar ferðir og velja ódýrari kosti en áður.

Hrönn hefur áratuga reynslu af ferðaþjónustu. Fyrstu kynni hennar af ferðaþjónustu voru í gegnum afa hennar og ömmu sem voru frumkvöðlar í hótel- og veitingarekstri á Geysi í Haukadal. Að loknu háskólanámi árið 1992 tók hún við starfi forstöðumanns innanlandsdeildar Úrvals Útsýnar. Verkefnið var að laða erlenda ferðamenn á ráðstefnur og í hvataferðir hingað til lands. Að loknu námi og búsetu erlendis réð hún sig sem framkvæmdastjóra Hótels Sögu ehf. og gegndi því starfi í níu ár til ársins 2007 en félagið rak Radisson SAS Hótel Sögu og Park Inn Hótel Ísland. Undanfarinn áratug hefur hún starfað í fjármálageiranum, hjá SPRON, Arion banka, Arev og nú Íslandssjóðum.

„Langstærsta breytingin í ferðaþjónustu frá því ég hóf störf í greininni er að nú sækja ferðamenn landið heim allt árið um kring. Það er gaman að sjá hve vel hótel eru nýtt á veturna. Þegar ég starfaði á Hótel Sögu voru veturnir strembnir vegna þess hve fáir ferðamenn komu til landsins. Framboð á afþreyingu var einnig af skornum skammti og veitingahúsaflóran fábreytt.

Ég bý að því í mínu starfi að hafa glímt við erfiða tíma áður í ferðaþjónustu. Á þeim árum féllu nánast allar tekjurnar til á fjórum mánuðum yfir sumarið og aðra mánuði var reksturinn barningur þar sem beita þurfti útsjónarsemi til að láta enda ná saman. Ferðaþjónustan varð ekki að alvöruatvinnugrein fyrr en fyrir 6-7 árum þegar ferðamenn fóru að koma í ríkari mæli á veturna og vöxturinn varð í raun hraðari á þessum jaðarmánuðum,“ segir Hrönn.

### Tækifæri í samþjöppun

Víkjum talinu að Eldey. „Árið 2015 þegar fjárfestingarfélaginu Eldey var hleypt af stokkunum lá fyrir að það yrði í nánustu framtíð þörf á því að þjappa afþreyingargeira ferðaþjónustunnar betur saman. Þessi staðreynd er frábært tækifæri fyrir fjárfestingarfélög. Það er of mikið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem er eðlilegur fylgifiskur uppgangs. Aðgangshindranir eru enda litlar og mörg minni fyrirtæki spruttu fram á sjónarsviðið. Eignasafnið okkar er sterkt og er því góður grunnur fyrir yfirvofandi samruna. Arðsemi fyrirtækja í greininni myndi batna og viðnámsþróttur aukast með stærri og sterkari einingum,“ segir hún.

Hlutafé fjárfestingarfélagsins Eldeyjar er rétt rúmir þrír milljarðar. Lífeyrissjóðir eru umsvifamiklir í hluthafahópnum. Auk þeirra á Íslandsbanki 9,9 prósenta hlut og Íslensk fjárfesting, sem meðal annars á evrópska ferðaþjónustufyrirtækið Kilroy, á 3,3 prósent.

„Við höfum fjárfest fyrir rúmlega ⅔ fjárhæðarinnar og eigum um 800 milljónir eftir af núverandi hlutafjárloforðum. Þegar hefur verið fjárfest í fimm fyrirtækjum en fjárfestingarnar eru alls orðnar sjö þar sem tvær þeirra hafa runnið inn í þegar fjárfest félög. Við þurfum eflaust að styðja við bakið á einhverjum þeirra með auknum hlutafjárframlögum og munum því mögulega fjárfesta í einu til tveimur fyrirtækjum til viðbótar miðað við núverandi hlutafé.

Eftir því sem fjárfestingartækifærum fjölgar, eða við þurfum að auka við hlutafé núverandi fjárfestinga okkar, getum við óskað eftir því við hluthafana að auka hlutafé félagsins. Eldey er það sem kallað er sígrænt félag. Fjárfestingarnar lifa inni í félaginu og við horfum til þess að reka félagið til langframa, ólíkt fjárfestingarsjóðum sem þarf að leysa upp eftir tiltekinn tíma. Við þurfum því ekki að selja eignir úr félaginu nema við kjósum svo,“ segir Hrönn.

Eldey á 37 prósenta hlut í hvalaskoðunarfyrirtækinu Norðursiglingu, 20 prósenta hlut í Íslenskum heilsulindum, 33 prósent í Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, 60 prósenta hlut í dagsferðafyrirtækinu Sögu Travel – GEO Iceland og 84 prósent í Arcanum ferðaþjónustu, sem býður upp á jöklagöngur á Sólheimajökli, vélsleðaferðir á Mýrdalsjökli og fjórhjólferðir á Sólheimasandi.

### Sameiningarviðræður standa yfir

„Eldey horfir til þess að sameina félög og skapa sterkari einingar, eins og áður sagði. Það standa yfir viðræður um að sameina Íslenska fjallaleiðsögumenn við Arcanum. Það er ekki loku fyrir það skotið að við fáum inn fleiri fjárfesta að frekari sameiningu,“ segir hún.

Eldey lagði hlut sinn í Fontana á Laugarvatni í Íslenskar heilsulindir og eignaðist í kjölfarið 20 prósenta hlut á móti Icelandic Tourism Fund sem stýrt er af Landsbréfum, og 60 prósenta hlut Bláa lónsins. Fyrir átti félagið hlut í Jarðböðunum í Mývatnssveit. „Við viljum fjárfesta með sterkum aðilum sem geta í samvinnu við Eldey byggt upp góð félög. Félagið á í gegnum Jarðböðin hlut í sjóböðum á Húsavík og Vök ylströnd á Egilsstöðum. Auk þess er á teikniborðinu metnaðarfullt verkefni um heilsulind í Þjórsárdal,“ segir hún.

## Milliliðir taka of mikið til sín

„Ferðaskrifstofur og ferðaheildsalar eða svokallaðir milliliðir eru margir hverjir að kalla eftir allt of hárri þóknun fyrir sína þjónustu. Hún nemur í sumum tilvikum 30-35 prósentum. Fyrirtæki eiga erfitt með að lifa það af þegar launakostnaður er um 40-50 prósent. Þá stendur ekki mikið eftir. Vissulega má segja að markaðskostnaður sparist á móti en um leið eru félögin svipt ákveðnu sjálfstæði. Fyrirtækin eru því í ríkari mæli að reyna að selja ferðirnar sjálf í gegnum sínar eigin vefsíður eða þá söluaðila sem hafa betri skilning á því að báðir þurfa að lifa, birgirinn og seljandinn,“ segir Hrönn og nefnir að sér þyki eðlileg þóknun vera á bilinu 10 til 15 prósent. „Allt fyrir ofan 15-20 prósent er fram úr hófi.“

Að hennar sögn hefur mikil breyting átt sér stað hvernig afþreyingarfyrirtæki í ferðaþjónustu selja vörur sínar með tilkomu stafrænnar markaðssetningar. „Áður fyrr var selt mikið í gegnum ferðaheildsala og stórar ferðaskrifstofur. Nú vilja viðskiptavinir kaupa þjónustuna sjálfir á netinu. Stóra spurningin er því, hvernig á að ná til mögulegra viðskiptavina og hvernig er hægt að lágmarka kostnaðinn við að veiða þá. Þau ferðaþjónustufyrirtæki sem ná sem stærstum hluta sölunnar inn í gegnum eigin söluleiðir geta margfaldað arðsemi sína.“

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 16. MAÍ 2018



# Elegant marmari og sígildur sjarmi

Hjá Birgisson er hægt að fá undurfagrar marmaraflísar í takt við klassíska flísaliti sem gefa heimilinu einstaklega glæsilegt yfirbragð. Þar fást líka risastórar flísar í ómótstæðilegu úrvali sem uppfylla allar kröfur híbýlatískunnar nú. →2

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Marmaraflísar eru það heitasta í gólfefnum og aðeins á valdi fagmanna að greina hvort um ekta marmara er að ræða.



Flísarnar hjá Birgisson fást í mörgum stærðum og mismunandi útfærslum.



Möguleikarnir eru endalausir þegar kemur að flísum á gólf og veggi hjá Birgisson og hægt að skoða úrvalið og láta sig dreyma í glæsilegum sýningarsal í Ármúla 8.

**Framhald af forsíðu ➪**

Íslendingar sækja mikið í hlýja jarðliti eins og brúngrátt, en líka kalda, gráa tóna. Þegar við skoðum flísasölu síðustu ára eru gráir tónar þar allsráðandi, allt frá ljósgráu yfir í dökkgrátt," segir Heiðar Jóhannsson, viðskiptastjóri Birgisson, um flísatískuna sem er í sífelldri þróun.

Hann segir flísar í stærðunum 30x60 cm og 60x60 cm vera vinsælastar.

„Flísar fara stöðugt stækkandi og gæðin eru alltaf að aukast. Það sem áður þótti mjög stór flís, í stærðinni 60x60 cm, þykir alls ekki stórt í dag. Talsverð aukning hefur verið í enn stærri flísum, eins og 80x80 cm og 60x120 cm, og við sjáum nú aukningu í enn stærri flísum á veggi, til að mynda 120x240 cm," upplýsir Heiðar.

Hann segir einnig færast í aukana að fólk velji sömu flísar á gólf og veggi í baðherbergjum.

„Að velja flísar í sama lit og sömu stærðar skapar oft afar fallega heild á baðherberginu," segir Heiðar sem er alltaf með puttana á púlsinum þegar kemur að nýjungum í flísum, en hægt er að skoða allt það nýjasta í glæsilegum sýningarsal Birgisson í Ármúla 8.

Birgisson®

## Marmari það heitasta í dag

Marmari er tímalaust og undurfagurt efni. Hjá Birgisson fæst mikið úrval marmaraflísa sem fáanlegar eru í öllum mögulegum stærðum.

„Marmaraflísar eru ekki einungis vinsælar á gólf og veggi heldur eru þær líka það heitasta í borðplötur, sófaborð og fleira. Mjög flott er að blanda saman köldum, gráum litum á gólfum við elegant marmaraflísar á veggi í baðherbergjum. Útkoman er einstaklega falleg," segir Heiðar sem þessa dagana er að taka upp þrjár týpur af marmaraflísum í stærðinni 80x80 cm og á mjög góðu verði.

„Tæknin er orðin slík í flísaframleiðslu að fyrir aðra en fagmenn er nánast ómögulegt að sjá hvort um ekta marmara sé að ræða eða ekki. Marmaraflísar koma einstaklega vel út í þessari stærð en vitaskuld er ekkert mál að panta aðrar stærðir, hvort sem þær eru minni eða stærri," segir Heiðar.

Ásamt því að bjóða upp á flísar frá nokkrum af flottustu flísaframleiðendum heims hafa starfsmenn Birgisson mikla þekking og reynslu þegar kemur að vali flísa og er nánast alltaf hægt að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

## Flísalögn á baðherbergi

Hjá Birgisson er lögð rík áhersla á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini. Í því felst fræðsla um vörur sem eru til sölu og öll fylgiefni sem nota þarf við flísalögn.

„Þegar kemur að flísalögn á baðherbergi er lykilatriði að öll undirvinna sé pottþétt og rakavörn þarf að vera 100 prósent til að ekki komi upp vatnsskemmdir síðar meir. Að okkar mati hefur mikilvægi þess að rakaverja öll votrými vel ekki verið nægilega vel brýnt fyrir fólki og þess vegna höfum við verið að kynna okkur þetta málefni vel í samstarfi við okkar birgja í Þýskalandi," upplýsir Heiðar og undirstrikar að sölumenn Birgisson geti veitt góð ráð og allar upplýsingar um vörur sem mælt er með þegar leggja á flísar í votrými.

Birgisson er í Ármúla 8. Sími 516 0600. Netfang: birgisson@birgisson.is. Sjá nánar á birgisson.is.



Stórar flísar eru hæstmóðins nú og hafa náð nýjum hæðum í stærð og lögun.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstursegiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá 139.000,- m/vsk



Frá 389.000,- m/vsk

### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn


Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur


Fjöldi botnstífa


Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.



Frá 1.279.000,- m/vsk

### Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500



EIK VISTA



VÖNDUÐ &
VISTVÆN VIÐARGÓLF
KÄHRS PARKET BORÐLEGGJANDI GÆÐI
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Kryddleginn kjúklingur með asísku ívafi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kryddlögur sem klikkar ekki

Margir hugsa sér gott til glóðarinnar nú þegar grilltíminn er runninn upp. Gott er að eiga skothelda uppskrift að kryddlegi sem gefur ljúffengt bragð og ilm. Þessi kryddlögur hentar best fyrir kjúkling en má líka nota á fisk. Lykilatriðið er að leyfa hráefninu að liggja í leginum í a.m.k. klukkustund svo það nái að draga í sig bragð og ilm.

**3 hvítlauksrif**
**6 vorlaukar**
**1 rautt chili**
**Handfylli kóríander**
**Handfylli mynta**
**Safi úr 1 sítrónu**
**1 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**
**600 g kjúklingabringur**

Setjið hvítlauk, vorlauk og chili í matvinnsluvél og látið maukast vel saman. Bætið kóríander og myntu saman við og látið grófhakkast saman. Bætið við safa úr sítrónu og loks ólífuolíu. Saltið og piprið að smekk. Skerið kjúklingabringur í hæfilega stóra bita. Setjið allt saman í skál og blandið kryddleginum vel saman við kjúklinginn. Geymið í kæli í eina klst. Þræðið kjúklinginn á grillpinna. Grillið við háan hita í 5 mín. á hvorri hlið og snúið reglulega þar til kjúklingurinn er grillaður í gegn.



Jóga getur gert margt gott fyrir líkamann.

## Margir góðir kostir jóga

Jóga getur hjálpað þér að grennast. Jóga eykur brennslu, gerir vöðvana sterka og breytir vaxtarlaginu. Þar fyrir utan hefur jóga mjög góð áhrif á andlegu hliðina, minnkar streitu og svefninn verður betri. Þeir sem stunda jóga segja að þótt æfingarnar virðist einfaldar séu þær öflugar fyrir líkama og sál.

Í jógatímum sem kallast power-yoga er fólk að brenna 400-500 kalóríum í tíma. Æfingarnar eru mjög góðar fyrir magavöðvana og margir uppgötva sér til ánægju að maginn verður flatari. Það eru góðar teygjur í jóga en með því að stunda þær finnur fólk fyrir því að líkaminn virðist lengri og grennri.

Eitt það besta við jógaæfingar er hversu róandi þær eru. Streituhormón líkamans vinnur mun betur og fólk finnur hvernig stressið hverfur, svefninn verður betri og aukaorka skapast. Kannski vita ekki allir að jógaæfingar hafa áhrif á meltinguna. Þær hafa þess vegna mjög góð áhrif á þarmaflóruna og útþaninn maga. Þá hafa jógaæfingar einnig áhrif á öndun og vellíðan. Síðast en ekki síst verður fólk vandlátara með hvað það setur ofan í sig þegar það stundar æfingar.

## Góðgæti í glugga

Kryddjurtir má rækta allt árið um kring innanhúss og geta þær verið til mikillar prýði í eldhúsinu, ekki síður en í eldamennskunni. Mælt er með að velja sólríkan stað fyrir kryddjurtir, eins og gluggasyllu og að passa að hafa hitastigið við stofuhita. Ef miðstöðvarofn er undir kryddhillunni, er mælt með að botninn á kryddpottunum liggi ekki beint í bleytu. Þá mætti setja bakka með leirkúlum eða vikri undir pottana.

Mikilvægt er að vökva kryddjurtir rétt, en mælt er með að vökva vel og sjaldnar, frekar en oft og lítið. Á sólríkum dögum þarf að vökva oftar. Athuga þarf að ganga ekki of nærri plöntunni, þ.e. ekki taka of mikið magn í einu og einnig er gott að hvíla hana á milli, t.d. með því að hafa sömu tegundina í tveimur pottum og hvíla þær til skiptis. Jurtir sem fara vel í gluggasyllu eru til dæmis basilíka, oreganó, salvía og dill.



Ert þú trésmiður ?

Vegna aukinna umsvifa hjá okkur vantar okkur laghentan einstakling / trésmið til vinnu við gluggaísetningar og annarra tilfallandi verkefna.







Viðkomandi þurfa að vera reglusamir, heilsuhraustir, stundvísir, áreiðanlegir og reyklausir

Gluggahöllin

Gluggahöllin ehf. info@gluggahollin.is s: 555 0760

HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Flatvagnar**
Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500



**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

# Tilkynningar

## Tilkynningar

Óska eftir 700 kr. framlagi skattgreiðanda á reikning 0130-05-000825 kt. 2511582589 fyrir kúabjöllu til að vekja yfirskattanefnd vegna lögtaka á bifreiðargjaldi. Merkist með bílnúmeri.

## Bílstjóri - sumarafleysingar

Óskum eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í sumarafleysingar á flutningaleiðinni Reykjavík - Hornafjörður.

**Nánari upplýsingar í síma 893 5444 hjá Birni Jónssyni rekstrarstjóra.**

ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um skipulagstillögu í Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 3. maí s.l. að auglýsa skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi:

**Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Sæborg, Aðalvík, Hornströndum**

Jörðin er í Aðalvík, innan Hornstrandafriðlands og tilheyrir svæði F41 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Þar er gert ráð fyrir allt að þremur nýjum frístundahúsum á svæði F41 til viðbótar við þau sem þegar standa. Þessi deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir einu nýju frístundahúsi til viðbótar við þau tvö sem þegar standa á jörðinni.

Tillagan liggur frammi á skrifstofum Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 2. hæð, frá 17. maí til 28. júní 2018 og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.isafjordur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **30. júní 2018** annaðhvort á Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða á netfangið: axelov@isafjordur.is.

*Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar*

## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

**Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 info@handafl.is | **handafl.is**

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is



HAGVANGUR

## Verðlagning ferðaþjónustufyritækja gerbreyst frá árinu 2015

„Árið 2015 voru margir eigendur fyrirtækja í ferðaþjónustu með háar hugmyndir um verðlagningu fyrirtækjanna. Það hefur gerbreyst,“ segir Hrönn. „Eflaust myndi einhverjum þykja við í Eldey hafa keypt fyrstu fjárfestingar okkar á of háu verði miðað við núverandi árferði. Hugmynd okkar var að fjárfesta í fyrirtækjum með langa rekstrarsögu og reynda stjórnendur. Við vorum því að kaupa þekkingu og góðan rekstur. Fyrir það vorum við reiðbúin að borga vel. Það má ekki einblína um of á EBITDA-margfaldara þegar fjárfest er í ferðaþjónustu. Það þarf að rýna ofan í kjölinn á rekstrinum. Þetta er ekki verksmiðja sem ávallt framleiðir sömu vöruna við sömu aðstæður. Þetta er þjónustufag sem er undirorpið ytra umhverfi, eins og náttúrunni, til dæmis eldgosum, og efnahagslífi bæði hér heima og alþjóðlega.“
Spurð hvort fleiri fyrirtæki séu til sölu nú en árið 2015 segist hún reikna með að flest fyrirtæki í ferðaþjónustu séu til sölu fyrir rétt verð. „Aftur á móti tel ég, að þeir sem hafa verið hluthafar í ferðaþjónustu, mögulega á þriðja áratug jafnvel, séu ekki að leita að kaupendum í jafn miklum mæli og aðrir. Þeir hafa gengið í gegnum svona tíma áður, þar sem gengið er á eigið fé fyrirtækjanna, og vita að verkefnið fram undan er að byggja þau upp aftur.
Ég get upplýst að á borð til mín koma fleiri ábendingar um verkefni sem mögulega fjárfestingarkosti en áður.“
Hrönn segir að fjárfestingarstefna Eldeyjar sé að fjárfesta í afþreyingarfyrirtækjum í ferðaþjónustu. Ástæða fyrir því að stefnan sé niðurnjörvuð en ekki horft á ferðaþjónustu í heildinni sé að þá viti fjárfestar að hverju þeir gangi. „Fram að þessu hafa fjárfestar sýnt þessum anga ferðaþjónustunnar lítinn áhuga. Það er vegna þess að fyrirtækin eiga yfirleitt lítið af eignum því þau byggja á þjónustu við ferðamenn. Til samanburðar binda hótel mikið fé í fasteignum. Eignamyndun í afþreyingu er því ekki jafn mikil. Að sama skapi þurfa fyrirtæki í afþreyingu ekki að safna í sjóði til þess að endurnýja á fimm til sjö ára fresti. Fyrirtækin búa því ekki við þá fjárhagslegu áhættu að þurfa að standa í slíkum fjárfestingum,“ segir hún.

Að sögn Hrannar eru tvær ástæður fyrir því ákveðið var að setja á fót fjárfestingarfélag í stað sjóðs, líkt og fjármálafyrirtæki gera alla jafna. „Annars vegar renndum við blint í sjóinn með hversu stór og mörg fjárfestingartækifærin væru. Við vildum því ekki skapa væntingar um of stóran sjóð og geta ekki nýtt allt fjármagnið. Hins vegar, og það sem er mikilvægara, er erfitt að fjárfesta í fyrirtækjum í ferðaþjónustu og senda þau skilaboð til annarra hluthafa og stjórnenda að við hyggjumst selja hlutinn eftir til dæmis fimm ár. Eigendur félaganna hefðu ekki tekið það í mál. Við vildum sýna að við fjárfestum til lengri tíma með það fyrir augum að efla og stækka félögin. Hugmyndin er ekki að ná sem mestri arðsemi á sem stystum tíma eða fara út úr rekstri félaganna að ákveðnum tíma liðnum.“

### Stefnan sett á Kauphöll

Þegar fram líða stundir er stefnt að skráningu Eldeyjar og þá líklega á hliðarmarkaðinn First North í Kauphöll Íslands. „Ég tel að markaðsvirði Eldeyjar verði að nema að lágmarki um fimm milljörðum króna við skráningu. Þrír milljarðar, sem er hlutafé félagsins, er með allra minnsta móti. Einkum ef litið er til stærðarhagkvæmni fjárfestingarfélagsins sem er mikilvægt.“

Hrönn segist ekki horfa til þess að tekjur fyrirtækja sem Eldey fjárfesti í verði að vaxa visst mikið. „Ég mæli ekki árangur fyrirtækja út frá tekjum heldur afkomu þeirra. Sum fyrirtæki ættu að skoða það að skera niður vöruframboð sitt og lækka þar með tekjurnar í því skyni að bæta afkomuna. Því miður er allt of algengt að velgengni ferðaþjónustufyrirtækja sé eingöngu mæld út frá veltuaukningu sem kannski er afleiðing hins hraða vaxtar undanfarinna ára. Það sem skiptir máli er hvaða hagnaður fæst út úr þessum auknu tekjum.“

### Annus horribilis!

Spurð hvernig rekstur fyrirtækja í eigu Eldeyjar hafi gengið á síðasta ári í ljósi sterks gengis krónu og aukins launakostnaðar segir hún að árið hafi verið flestum fyrirtækjum í ferðaþjónustu erfitt. „Ég geri orð Elísabetar Bretadrottningar um árið 1992 að mínum fyrir árið 2017: Annus horribilis! Þetta var skelfilegt ár.

Árið 2016 var hraður vöxtur í ferðaþjónustu og allt var í blóma. Margir gleymdu sér í góðærinu og bjuggust við að reksturinn myndi halda áfram að vaxa hratt og dafna. Það var einblínt á 20-30 prósent tekjuvöxt en hagnaði af rekstri ekki veitt nægileg athygli.

**Við höfum fjárfest fyrir rúmlega ⅔ fjárhæðarinnar og eigum um 800 milljónir eftir af núverandi hlutafjárloforðum.**

Árið í fyrra fór vel af stað. Mikill vöxtur var á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Á þeim tíma var verið að skipuleggja sumarið og enginn vildi lenda í sömu sporum og árið áður og hafa ekki ráðið nógu margt starfsfólk. Það hafði leitt til þess að starfsfólkið var útkeyrt og það skorti hendur til að leggja á plóg sem kom mögulega niður á þjónustunni. Í mars hrikti í stoðunum. Það hægði á vextinum og menn greindu einhverja undarlega breytingu í kauphegðun, dvalartími styttist og ferðamaðurinn hélt fastar um budduna en áður. Forsvarsmenn fyrirtækjanna veltu fyrir sér hvort það væri vegna þess að páskarnir væru í apríl það ár en voru í mars í árið áður. Það er oft leitað að slíkum skýringum. En svo kom á daginn að apríl var líka strembinn.

Þegar sumarið rann upp fækkaði ekki ferðamönnum en neyslumynstrið var breytt vegna þess hve dýrt þeim þykir að ferðast hingað. Þeir ferðast fyrir minni pening og fara í færri ferðir. Til að mæta breyttum aðstæðum fóru margir í ferðaþjónustunni í verðstríð sem bitnaði á afkomu fyrirtækjanna.

Það var ekki fyrr en í september og október sem stjórnendur fyrirtækjanna fóru almennt að bregðast við breyttum veruleika með því að skoða reksturinn ofan í kjölinn. Ferðir sem reknar voru með tapi voru skornar niður. Í kjölfar þessara breytinga hefur því miður verið mikið um uppsagnir enda starfsemin mannaflsfrek.

Ferðaþjónustan brást einfaldlega of seint við breyttum aðstæðum. Seglin verða ekki dregin svo glatt saman þegar búið er að ráða starfsfólk fyrir sumarið.“

### Ferðamönnum fækkaði

Hrönn vekur athygli á að ferðamönnum hafi í apríl fækkað í fyrsta skipti á milli ára frá árinu 2010. Nýlega var upplýst að brottförum erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll hafi fækkað um 3,9 prósent á milli ára í apríl. „Ég hugsa að við sjáum mögulega fram á samdrátt í fjölda ferðamanna í ár. Það skiptir máli hvaða augum mál eru litin. Jafnvel þótt það verði lítils háttar samdráttur í ár, verða ferðamenn tvöfalt fleiri en fyrir fimm árum. Það gleymist oft að almennt er talið að 3% vöxtur sé eðlilegur í ferðamennsku. Við ráðum ekki við 20-30 prósent vöxt á ári, eins og við höfum upplifað undangengin ár. Vöxturinn var farinn úr böndunum og innviðir héldu ekki í við uppbygginguna. Þar brugðust stjórnvöld.

Það er með ólíkindum að ekki hafa tekist að ná samkomulagi um stýringu ferðamanna og uppbyggingu á viðkomustöðum sem notið hafa vinsælda á þessum á sjö árum sem góðærið hefur varað. Vegakerfið er að hruni komið. Sem dæmi má taka að þegar keyrt er í gegnum þjóðgarðinn á Þingvöllum, okkar helstu náttúruperlu, blasir við skilti sem stendur á skýrum stöfum: Varúð, hættulegur vegur. Vegurinn skapar hættu vegna þess að hann er svo mjór og það hefur brotnað svo mikið upp úr honum. Holurnar eru hrikalegar. Það er auðvelt að bæta úr þessu.

Eftir mikinn vöxt í ferðaþjónustu er enn verið að ræða hvernig eigi að fjármagna uppbyggingu innviða. Það þarf að taka ákvörðun, jafnvel þótt einhverjir verði ósáttir. Það eru margar leiðir færar. Víða í Evrópu eru vegtollar og aðgangseyrir innheimtur að náttúruperlum. En það má heldur ekki missa sjónar á því að ferðamenn draga nú þegar ágæta björg í bú þegar kemur að ríkiskassanum í gegnum skattheimtu og önnur gjöld.

Innviðirnir þurfa að vera í lagi til þess að tryggja góða upplifun og öryggi ferðamanna. Það er ekki sjálfsagt að ferðamenn komi hingað til lands. Það þarf að hafa fyrir því. Það þekki ég af eigin raun eftir að hafa starfað í innanlandsdeild Úrvals Útsýnar. Við töpuðum oft og mörgum sinnum þegar við gerðum tilboð í hópaferðir fyrir löndum eins og Noregi, Möltu og Finnlandi. Við megum ekki falla í þá gildru að telja að Ísland sé auðseljanlegt vegna náttúrunnar. Ísland er dýrt land heim að sækja. Innviðirnir verða því að endurspegla það og vera í góðu lagi. Vegirnir mega ekki vera ónýtir, það þarf myndarlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og þá er ég ekki bara að tala um salernisaðstöðu. Höfum í huga að ferðamönnum getur fækkað stórlega ef ekkert er að gert.

Ferðamenn eru auðlind sem þarf að stýra. Sömu lögmál gilda um ferðamennsku og sjávarútveg. Áður fyrr minnti hann á villta vestrið án stýringar en eftir að böndum var komið á sjávarútveginn með kvótakerfinu varð greinin arðsöm og lífvænleg.

Ferðaþjónusta er viðkvæm atvinnugrein. Það má ekki taka henni sem sjálfsagðri. Ég leyfi mér að taka annað dæmi og nú frá Geysi, þar sem ég ver miklum tíma. Bílastæðin eru full frá klukkan ellefu til þrjú á daginn. Á öðrum tímum dagsins eru ferðamenn mun færri. Með aðgangsstýringu eins og gjaldtöku eða hreinlega því að panta þurfi tíma inn á svæðið væri hægt að dreifa álaginu á umhverfið. Náttúran hefur ákveðin þolmörk og þau verðum við að virða og getum gert svo miklu betur í því með nútímalegum aðgangsstýringum.

Allt tal um að Ísland sé uppselt eða orðið eins og Disneyland á ekki við rök að styðjast. Með samstilltu átaki og framsæknum vinnubrögðum getum við tekið á móti mun fleiri ferðamönnum. Það eru innviðirnir sem eru við það að springa í dag,“ segir Hrönn.

### Eignasafn Eldeyjar

| Félag | Hlutur |
|---|---|
| Norðursigling | 37% |
| Íslenskar heilsulindir | 20% |
| Íslenskir fjallaleiðsögumenn | 33% |
| Saga Travel – Geo Iceland | 60% |
| Arcanum ferðaþjónusta | 84% |


hagar

# Aðalfundur Haga hf. 6. júní 2018

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn miðvikudaginn 6. júní 2018 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2017/18.
4. Tillaga að eftirfarandi breytingum á samþykktum félagsins:
   a) Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um kr. 41.831.651 að nafnvirði með eftirfarandi viðbót við gr. 2.1 í samþykktum félagsins:
   „Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um kr. 41.831.651 að nafnvirði. Forgangsréttur hluthafa skv. gr. 2.3 í samþykktum félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórnin skal ráðstafa hlutafjárhækkuninni til greiðslu fyrir hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. í samræmi við kaupsamning þar að lútandi á genginu 47,5 kr. á hlut. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Hlutafé félagsins eftir hækkun verður kr. 1.213.333.841. Framangreind heimild stjórnar Haga hf. rennur út á aðalfundi félagsins árið 2019 sem áætlaður er þann 7. júní. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt."
   b) Grein 3.18 um dagskrá aðalfundar verði breytt þannig að við dagskrá fundarins bætist við kosning tilnefningarnefndar.
   c) Grein 4.11 um verkaskiptingu stjórnar verði breytt, til samræmis við starfsreglur stjórnar, að stjórn kjósi sér varaformann.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning tilnefningarnefndar.
8. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
9. Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins,
*http://www.hagar.is/fjarfestaupplysingar/adalfundur/*
Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn.
Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

**Stjórn Haga hf.**

# Hvar eru milljarðarnir?



**Hildur Björnsdóttir**
skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Borgarstjóri sparar ekki yfirlýsingar um ársreikning Reykjavíkurborgar. Hann slær vísvitandi ryki í augu borgarbúa.

Borgarstjóri fullyrti að 5 milljarða hagnaður hefði orðið af venjubundnum rekstri borgarinnar. Þær niðurstöður fást þó eingöngu vegna 8 milljarða byggingarréttar- og eignasölu sem telst til einskiptisliða – tekjur sem ekki koma aftur. Eðlilegur uppsláttur hefði verið „Tap af hefðbundnum rekstri borgarinnar“ með tilliti til eignasölu, en slíkt gengur vissulega ekki á kosningaári.

Í tilkynningu borgarstjóra kom fram að skuldir „samstæðunnar“ hefðu farið lækkandi. Hér þvælir borgarstjóri umræðuna. Hann tekur nefnilega skuldir Orkuveitunnar með í reikninginn. Það hentar svo afskaplega vel.

Eftir aðhald fyrri ára siglir Orkuveitan nú þöndum seglum á ný. Starfsmönnum hefur fjölgað um tæp 20% á kjörtímabilinu og meðallaun eru með því hæsta sem gerist. Skuldir Orkuveitunnar hafa að stórum hluta lækkað vegna styrkingar krónu. Borgarstjóri slær sig til riddara án innistæðu. Dagur B. Eggertsson getur tæpast eignað sjálfum sér heiður af styrkingu krónu. Dagur og félagar nota kennitölur frjálslega og eftir hentisemi. Slíkt er ekki einungis óábyrgt heldur til þess fallið að leyna raunverulegri stöðu borgarsjóðs fyrir borgarbúum.

**Skuldasöfnun í tekjugóðæri**

Árið 2017 höfðu tekjur borgarinnar hækkað að raunvirði um tæp 32% frá árinu 2014. Á sama tíma hafa skuldir borgarsjóðs aukist um ríflega 45%. Með öðrum orðum: núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur ekki látið sér nægja tæplega 30 milljarða tekjuaukningu, heldur aukið við skuldsetninguna sem nemur 30 milljörðum til viðbótar.

Ekki er gott að segja hvert fjármunirnir fóru. Varla er það grunnþjónustan. Ekki eru það samgöngulausnir, leikskólar, grunnskólar eða löngu tímabært átak í hreinlætismálum borgarinnar. Ekki eru það lausnir í húsnæðismálum. Allt endurspeglast þetta í niðurstöðum þjónustukannana – lífsgæði mælast verst í Reykjavík.

Núverandi meirihluti hefur haft úr fordæmalausum fjármunum að spila, en niðurstaðan er neyðarleg. Hvað varð eiginlega um þessa sextíu milljarða? Hefði þeim ekki verið betur varið í vösum borgarbúa? Fjárhæðin samsvarar 1,2 milljónum fyrir hvert heimili borgarinnar.

**Glötuð tækifæri**

Aukið svigrúm til niðurgreiðslu skulda hefur ekki verið nýtt. Þetta kom fram í nýrri úttekt Samtaka atvinnulífsins. Samtökin benda enn fremur á að lukkan geti snúist skyndilega. Stjórnmálamenn geti ekki gengið að því vísu að tekjur vaxi áfram með sama hraða. Dagur og samstarfsfólk hans ættu að leggja við hlustir.



**Núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur ekki látið sér nægja tæplega 30 milljarða tekjuaukningu, heldur aukið við skuldsetninguna sem nemur 30 milljörðum til viðbótar.**

Hver er fjárhagsstefna núverandi meirihluta? Reykjavíkurborg innheimtir hæsta lögleyfða útsvar þrátt fyrir fordæmalausa tekjuaukningu. Orkuveitunni er ætlað að greiða arð í vasa stjórnmálamannanna í stað þess að skila umframfé til borgarbúa með lækkun þjónustugjalda. Útlit er fyrir áframhaldandi skuldasöfnun borgarsjóðs – það gefa uppblásin kosningaloforð meirihlutans til kynna. Loforð sem engin leið er að efna á næsta kjörtímabili.

**Forgangsröðun og ábyrg fjármálastjórn**

Í dag starfa 12% vinnandi borgarbúa hjá Reykjavíkurborg. Það er 20% hærra hlutfall en hjá Kópavogi. Báknið er uppblásið og yfirbyggingin stór. Afgreiðsla erinda flókin og boðleiðir langar. Borgarkerfið flækist fyrir sjálfu sér.

Forgangsröðun er allt sem þarf. Við stöndum fyrir ábyrga fjármálastjórn og áherslu á grunnþjónustu. Við höfnum óábyrgum loforðum sem verða ekki fjármögnuð án frekari skuldabyrðar á herðum næstu kynslóða. Öllu fjárhagslegu svigrúmi skal skilað aftur til borgarbúa. Minnkum yfirbygginguna – minnkum báknið. Greiðum niður skuldir. Lækkum álögur og þjónustugjöld. Gerum betur fyrir borgarbúa.







## Hlutur Sjóvár í Ölgerðinni færður niður um 120 milljónir á fyrsta ársfjórðungi

Eignarhlutur Sjóvár í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni var færður niður um 120 milljónir króna á fyrsta fjórðungi ársins eftir að gert var nýtt verðmat á hlutnum en tryggingafélagið keypti 500 milljóna króna hlut í drykkjarframleiðandanum í fyrra.

Niðurfærslan skýrir 3,7 prósenta neikvæða ávöxtun Sjóvár af óskráðum hlutabréfum á fyrstu þremur mánuðum ársins en til samanburðar var ávöxtun á eignasafni félagsins jákvæð um tvö prósent.

Sjóvá tók þátt í kaupum fjárfesta á 69 prósenta hlut í Ölgerðinni í apríl á síðasta ári. Framtakssjóðirnir Akur fjárfestingar, í stýringu Íslandssjóða, og Horn III, í stýringu Landsbréfa, fóru fyrir kaupendahópnum en kaupverðið nam um fimm milljörðum króna þegar ekki er tekið tillit til skulda og handbærs fjár Ölgerðarinnar.

Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, og Andri Þór Guðmundsson, forstjóri félagsins, eiga saman 31 prósents hlut í félaginu í gegnum OA eignarhaldsfélag ehf.

Enn sem fyrr var 5,7 milljarða króna eign Sjóvár í skuldabréfaflokknum LAND 05, útgefnum af Landsvirkjun, stærsta einstaka fjárfestingareign tryggingafélagsins í lok fyrsta ársfjórðungs. 2,7 milljarða króna hlutur tryggingafélagsins í Marel er næststærsta eign þess. **– kij**



Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár.

## Kúkú Campers í formlegt söluferli

Fimm ferðaþjónustufyrirtæki og eitt fasteignafélag, sem eru öll að hluta í eigu Steinars Lárs Steinarssonar, þar á meðal húsbílaleigan Kúkú Campers, hafa verið sett í formlegt söluferli. Félögin skiluðu rekstrarhagnaði fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta fyrir samanlagt um 600 milljónir króna á síðasta ári.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með söluferlinu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Steinarr Lár, sem á helmingshlut í Kúkú Campers á móti Lárusi Guðbjartssyni og er jafnframt hluthafi í hinum félögunum fimm, segir í samtali við Markaðinn að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun um að selja fyrirtækin. Hann segir reksturinn hafa gengið vel og útlit sé fyrir áframhaldandi vöxt.

Umrædd félög eru, auk Kúkú Campers, ferðaþjónustufyrirtækin GCR, Camping Iceland, Go Campers og Nordic Holidays og fasteignafélagið Flatahraun 21.

Kúkú Campers hagnaðist um 154 milljónir árið 2016 og jókst hagnaðurinn um hátt í 60 prósent á milli ára. Um var að ræða besta rekstrarár félagsins frá stofnun árið 2012 en Kúkú Campers hefur notið mikilla vinsælda á meðal erlendra ferðamanna undanfarin ár.

Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2016 leigðu ferðamenn bíla hjá því fyrir tæpar 460 milljónir króna á árinu. Til samanburðar nam salan 285 milljónum króna árið 2015.

Lárus sagði í samtali við Fréttablaðið síðasta haust að vöxtinn mætti rekja til þess að bílaflotinn var tvöfaldaður á milli áranna 2015 og 2016. Nefndi hann jafnframt að íslenski markaðurinn væri mettur og að Kúkú Campers hefði hug á því að stækka enn við sig í Bandaríkjunum þar sem félagið hóf útrás í byrjun síðasta árs. **– hae, kij**



Steinarr Lár Steinarsson.

tl.is

# VIVO MINI

## KRAFTMIKIL SMÁTÖLVA !




139.995

ASUS

ASU-UN68UM007Z

## SMÁTÖLVA FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI

Asus Vivo Mini er aðeins 13,1 cm á breidd og dýpt og vegur einungis 700 grömm. Hún er svo agnarsmá að hægt er að skrúfa hana aftan á tölvuskjáinn með VESA festingum sem fylgja henni. Mjög öflug með 8. kynslóðar Intel i5 örgjörva, 256GB M.2. hraðvirkum SSD diski og 8GB vinnsluminni sem er stækkanlegt í 32GB.

**TEKUR LÍTIÐ PLÁSS**
Vivo Mini tekur mjög lítið borðpláss en getur leyst krefjandi verkefni hratt og vel. Hentar í fjölbreytta notkun hvort sem er hjá fyrirtækjum eða heimilum.

**GLÆSILEG HÖNNUN**
Vivo mini fellur vel inn í umhverfi sitt. Stílhrein hönnun þar sem hugsað út í hvert smáatriði. Vesa festing fylgir til að festa aftan á tölvuskjá.

**ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR**
Þrátt fyrir smæðina kemur Vivo Mini með fjölda tengimöguleika eins og HDMI, Display Port, fjórum USB3.1 tengjum og Bluetooth.

**EINFALT AÐ UPPFÆRA**
Vivo Mini er góð fjárfesting þar sem auðvelt er að uppfæra vinnsluminni og diska síðar og lengja með því líftíma hennar.

intel CORE i5 8th Gen

**8. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL**
ÖRGJÖRVINN ER HJARTAÐ Í VINNSLU TÖLVUNNAR. VIVO MINI KEMUR MEÐ HRÖÐUM FJÖGURRA KJARNA INTEL i5 8350U ÖRGJÖRVA SEM GERIR HENNI KLEIFT AÐ RÁÐA VIÐ FLÓKIN VERKEFNI OG ÞUNGA VINNSLU.

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK – SUÐURLANDSBRAUT 26
AKUREYRI – GLERÁRTORG
HÚSAVÍK – GARÐARSBRAUT 18A
EGILSSTAÐIR – KAUPVANGI 6
REYKJANESBÆR – HAFNARGÖTU 90
SELFOSS – AUSTURVEGI 34
AKRANES – ÞJÓÐBRAUT 1

# Skotsilfur

## Áfellisdómur



FME birti í gær niðurstöður athugunar sinnar á því hvernig eftirliti Kortaþjónustunnar með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur verið háttað á síðustu árum. Skemmst er frá því að segja að eftirlitið dró ekki upp fagra mynd af starfsháttum fyrrverandi stjórnenda færsluhirðingarfyrirtækisins. Gerðar voru margvíslegar athugasemdir við eftirlit fyrirtækisins og þess krafist að gripið yrði tafarlaust til viðeigandi úrræða. Líta má á afdráttarlausa niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins sem eins konar áfellisdóm yfir stjórnendunum fyrrverandi, en þess má geta að fyrrverandi framkvæmdastjóri, **Jóhannes Ingi Kolbeinsson**, hlaut frumkvöðlaviðurkenningu Stjórnvísis fyrr á árinu fyrir að hafa „skarað fram úr á sínu sviði“.

## Lýður yfir fyrirtækjasviði



**Lýður Þór Þorgeirsson**, framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs Arion banka, mun einnig taka að sér að stýra fyrirtækjasviði bankans tímabundið eftir að Freyr Þórðarson lætur af störfum. Freyr hefur sem kunnugt er verið ráðinn til norska bankans DNB í New York þar sem hann mun stýra viðskiptasamböndum bankans í sjávarútvegi í Norður-Ameríku. Lýður tók við starfi framkvæmdastjóra fjárfestingarbankasviðs bankans í október í fyrra en áður hafði hann starfað hjá GAMMA Capital Management frá árinu 2010. Freyr hefur starfað hjá Arion frá 2013 en þar áður starfaði hann hjá Kaupþingi.

## Tekur við af Reimari



Talið er að **Berglind Svavarsdóttir**, hæstaréttarlögmaður og varaformaður bankaráðs Landsbankans, muni taka við formennsku í Lögmannafélagi Íslands á aðalfundi félagsins á föstudaginn í næstu viku. Reimar Pétursson, sem hefur verið formaður félagsins frá 2015, hyggst ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Berglind sat í stjórn Lögmannafélagsins á árunum 2015 til 2017, þar af sem varaformaður 2016 til 2017. Hún er meðeigandi á Lögfræðistofu Reykjavíkur og hefur jafnframt setið í bankaráði Landsbankans frá því í apríl 2016.

## Stígur til hliðar eftir tíu ár í starfi



Vittorio Colao, sem stýrt hefur fjarskiptarisanum Vodafone síðasta áratuginn, tilkynnti í gær að hann hygðist láta af störfum í október. Ítalinn, sem hefur átt stóran þátt í því að gera Vodafone að einu stærsta fjarskiptafélagi heims, sagði að nú væri rétti tíminn til þess að stíga til hliðar. Fram undan væri nýr kafli í sögu Vodafone. Fjármálastjórinn Nick Read mun taka við forstjórastarfinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill einhver eiga tvo milljarða?



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Það er orðið þjóðarsport á Íslandi að leigja út íbúðir til ferðamanna. Oftast fer leigan fram í gegnum erlendar bókunarsíður og er þar Airbnb langstærst. Þessi útleiga er eðli málsins samkvæmt langmest í Reykjavíkurborg og er hún þar farin að valda ýmsum vandkvæðum og núningi við ýmsa fleti samfélagsins. Þessi útleigustarfsemi hefur m.a. haft eftirfarandi afleiðingar:

- Hún hefur valdið því að framboð á fasteignamarkaði, einkum í miðborg Reykjavíkur, hefur dregist saman undanfarin ár.
- Hún hefur á sama tíma þrýst upp bæði fasteigna- og leiguverði.
- Hún hefur fært borgina nær samfélagslegum þolmörkum sínum hvað ferðaþjónustu varðar, þar sem margir íbúar borgarinnar eru ósáttir við þessa starfsemi samborgara sinna og taka gremju sína út á ferðamönnum og ferðaþjónustu.
- Hún hefur valdið titringi og óánægju meðal þeirra sem reka annars konar gistiþjónustu (gistiheimili og hótel) og finnst þeim hópi að sér vegið, sérstaklega hvað varðar ójafna samkeppnisstöðu.

Þann 1. janúar 2017 tóku í gildi ný lög um heimagistingu, til þess að reyna að koma böndum á starfsemina, sem fram að því hafði aðeins að hluta til verið skilgreind í lögum. Markmiðið með lögunum var að koma þessari starfsemi allri upp á yfirborðið, að þeir sem stunda sölu á gistingu skrái hana annars vegar (90 daga reglan) eða sæki um rekstrarleyfi hins vegar eins og aðrir gististaðir þurfa að gera. Að sjálfsögðu eiga svo allir þeir sem leigja út íbúðir sínar að greiða skatta og gjöld af útleigustarfseminni eins og þessi sömu lög gera ráð fyrir. Embætti sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er eftirlitsaðili með heimagistingu. Meðal verkefna embættisins er að vakta þá miðla sem auglýsa heimagistingu og yfirfara nýtingaryfirlit og tekjuskýrslur.

En hvernig skyldi nú hafa tekist til? Lítum á nokkrar staðreyndir:

- Rúmlega 6.000 gestgjafar um land allt bjóða upp á heimagistingu.
- Um 4.000 þessara gestgjafa starfa í Reykjavík.
- Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands velti heimagisting í gegnum Airbnb um 15 milljörðum króna árið 2017. Samkvæmt Mælaborði ferðaþjónustunnar hjá Ferðamálastofu er veltan hins vegar nær 20 milljörðum króna á síðasta ári.
- Ætla má að velta í heimagistingu í gegnum Airbnb hafi numið um 10 milljörðum króna í Reykjavík árið 2017, sem er varlega áætlað sé tekið mið af Mælaborði ferðaþjónustunnar.
- Samkvæmt Mælaborði ferðaþjónustunnar voru á síðasta ári um 3.200 gestgjafar á Airbnb um land allt með fleiri daga í útleigu en nemur 90 dögum.
- Aðeins um 1.000 gestgjafar á landinu öllu hafa skráð sig hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík.
- Ætla má að þeir skattar sem skotið er undan séu í kringum tveir milljarðar króna.

Það er alveg ljóst að mjög litlu púðri, mannafla og fjármunum hefur verið eytt í eftirlit með þessari starfsemi og hún fær að blómstra svo til óáreitt. Það er í raun óskiljanlegt, þar sem umræðan um það að ferðamenn þurfi að skila meiri tekjum og að nauðsynlegt sé að skattleggja ferðaþjónustuna enn meira en orðið er, lifir góðu lífi. Þarna eru sannanlega alvöru tapaðar skatttekjur, sem enginn virðist hafa neinn sérstakan áhuga á að sækja – og á meðan er verið að leggja drög að því að bæta í gjaldtöku á ferðamenn. Þetta kom berlega í ljós á umræðufundi með oddvitum stærstu flokkanna sem bjóða fram til borgarstjórnar nú í vor – fæstir þeirra höfðu velt þessu máli nokkuð fyrir sér og einn þeirra gekk svo langt að kalla þessar töpuðu skatttekjur smápeninga, sem ekki tæki að vera að eltast við.

Það er skýr krafa Samtaka ferðaþjónustunnar að eftirlit með ólöglegri heimagistingu og þar með svartri atvinnustarfsemi verði stórhert nú þegar. Mannafli við eftirlit verði efldur og refsiákvæðum beitt þar sem við á. Það er óþolandi fyrir fyrirtæki sem eru með allt sitt uppi á borðum og greiða öll tilskilin gjöld og skatta að vinna við hliðina á þeim sem gera það ekki og stórskekkja þar með samkeppnishæfni þeirra heiðarlegu.

# Hvítir fílar alls staðar



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Eru innviðaframkvæmdir sem krafist er vegna stórmóta í íþróttum betri en aðrar? Það hlýtur að vekja athygli að þegar gríðarhár kostnaður við Ólympíuleika og heimsmeistaramót í fótbolta er gagnrýndur séu svörin nær alltaf þau sömu. Að stóru leyti sé um að ræða fjárfestingu í samgöngukerfi og leikvöngum og skattgreiðendur þurfi ekki að hafa áhyggjur af slíku, enda borgi slíkt sig á endanum.

Ef svo er hljótum við að spyrja okkur hvers vegna það þurfi stórmót til að ráðist sé í svo arðbærar framkvæmdir. Eru hagfræðingar FIFA og Alþjóðlegu Ólympíunefndarinnar betri en aðrir eða er flugvöllur sem byggður er vegna íþróttamóts betri en aðrir flugvellir? Hvort er líklegra, að þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrði alþjóðlegra íþróttasambanda séu arðbærari en gengur og gerist eða að gripið sé til þessa málflutnings til að réttlæta háan kostnað og ítrekaðar framúrkeyrslur?

Nýlega var þó látið reyna á nýja nálgun. Formaður skipulagsnefndar HM í Rússlandi sagði ljóst að þegar mótið verður flautað af verði engir svokallaðir hvítir fílar í landinu, en með því er átt við leikvanga sem engin þörf er á. Hann hélt áfram og sagði að ráðist hefði verið í allar þær framkvæmdir sem nauðsynlegar væru vegna mótsins, hvort sem Rússland hefði fengið að hýsa það eða ekki.

Ekki er vitað hvort honum hafi verið bent á að um 13.000 áhorfendur sæki leiki í rússnesku úrvalsdeildinni að meðaltali en leikvangarnir nýju geti tekið við 44.700 áhorfendum, þrátt fyrir að þrír þeirra verði minnkaðir að loknu móti. Þá sé ekki leikið nema á helmingi þeirra í úrvalsdeild.

Auðvitað verða hvítir fílar í Rússlandi að loknu móti, rétt eins og í Brasilíu, Suður-Afríku, Ástralíu, Grikklandi og fleiri löndum sem sitja í dag uppi með innviðauppbyggingu sem réttlætt var á sínum tíma með þeirri fullyrðingu að slíkt borgaði sig alltaf.

14. JÚN
OG
15. JÚN



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

Í REYKJAVÍK
1.–17. JÚN
2018
LISTAHÁTÍÐ

LISTAHATID.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. maí 2018

FRÉTTABLAÐIÐ frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Ekki hægt að tala um alvöru samkeppni

Ekki er hægt að tala um að alvöru samkeppnismarkaður sé fyrir hendi hér á landi á meðan raforkuframleiðslan er nær öll hjá sama fyrirtækinu. Þetta segir Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls og stjórnarformaður Samáls, Samtaka álframleiðenda, en hann mun fjalla um stöðu raforkumála á ársfundi samtakanna í Hörpu í dag.

„Við erum komin að ákveðnum vegamótum í raforkumálum. Raforkumarkaðurinn hefur náð ákveðnum þroska og nú er kominn tími til að ákveða hvernig forgangsraða eigi til framtíðar." Nú sé tækifæri til að taka höndum saman til að auka samkeppni og lækka óþarfa kostnað.


**Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.**

Hann bendir á að atvinnulífið kalli eftir meiri raforkunotkun en á sama tíma hafi Landsvirkjun og Orka náttúrunnar lýst því yfir að ekki sé stefnt að nýjum virkjunum í náinni framtíð. Engir virkjanakostir séu í boði á næstunni fyrir ný fyrirtæki og nánast allir vatnsaflskostir verði í sama fyrirtækinu. Spurningin sé hvernig stjórnvöld ætli að bregðast við. – **kij**

**09.05.2018**

**Ég held líka að þeir sem eru að leigja út á Airbnb vilji vera löghlýðnir og ríkisskattstjóri nennir eðlilega ekki að eltast við þetta.**


Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Algert aðgerðaleysi

**Merkilegt** hefur verið að fylgjast með þróun fjölmiðla og afþreyingarmarkaðar undanfarin ár. Hér áður fyrr þurftu innlendir fjölmiðlar einungis að hafa áhyggjur af íslenskum keppinautum. Enda var hér gefinn út fjöldinn allur af dagblöðum, sem komu bæði út að morgni og síðdegis, og ofgnótt af tímaritum. Sama gilti um sjónvarps- og útvarpsrásir. Samkeppnin var einungis þeirra á milli innbyrðis. Stöð 2 gegn Skjánum, og einkastöðvarnar gegn ríkisbákninu RÚV.

**Nú er** öldin að sjálfsögðu önnur. Netið breytti öllu. Ekki bara fór hver sem er að geta stofnað fjölmiðil með litlum tilkostnaði, heldur fóru innlendir aðilar í auknum mæli að keppa við erlenda risa. Ekki er lengur flett upp í erlendum fréttum í Morgunblaðinu, heldur er einfaldlega hægt að fara beint á alþjóðlegu risamiðlana. BBC, Times og Washington Post urðu allt í einu keppinautar Morgunblaðsins og Fréttablaðsins.

**Síðan** komu Facebook, YouTube og Google. Íslensku fjölmiðlarnir sátu ekki lengur einir að innlendum auglýsingatekjum. Samkeppnin var ekki bara um lesendur, heldur auglýsendur líka. Sama gildir um sjónvarpsstöðvarnar. Keppinautar Stöðvar 2 eru ekki síst Netflix og iTunes, að ógleymdri sjóræningjastarfsemi á netinu.

**Á tímum** sem þessum verður það raunveruleg spurning hvort æskilegt sé að gera eitthvað til að vernda innlenda fjölmiðla. Margir eru á því enda eru þeir merkilegur samtímavitnisburður um íslenska örsamfélagið auk þess að gegna mikilvægu hlutverki við varðveislu tungumálsins.

**Þrátt** fyrir yfirlýsingar á tyllidögum virðist yfirvöldum fyrirmunað að gera eitthvað í málinu. Endalaust er hlaðið undir RÚV þannig að einkamiðlarnir eiga undir högg að sækja. Erlendum efnisveitum er veittur afsláttur af kröfum um textun og talsetningu sem innlendu stöðvarnar greiða fyrir dýrum dómum. Samkeppnisyfirvöld beita skýringum á samkeppnisumhverfinu sem eiga ekkert skylt við raunveruleikann.

**Ljóst** er að eitthvað þarf að breytast ef íslenskir miðlar eiga að lifa áfram með bærilegri reisn. Fyrsta skrefið væri að yfirvöld sýndu málinu raunverulegan áhuga. Í þeim efnum væri tilvalið að taka ágætar tillögur síðustu fjölmiðlanefndar upp úr skúffunni og til framkvæmdar. Eða hefur menntamálaráðherra kannski tekist að svæfa málið í enn einni nefndinni?


ÞJÓNUSTA

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is






Við hjálpum unga fólkinu að koma auga á þá hæfileika sem það býr yfir og yfirstíga það sem heldur aftur af því. Við hvetjum þátttakendur á námskeiðinu til að taka stærri skref, setja sér skýr markmið, virkja sköpunarkraftinn og nýta áhrif sín. Við hjálpum þeim að styrkja þau sambönd sem skipta mestu máli og aukum færni þeirra í samskiptum til að geta áunnið sér traust og skapað tækifæri til framtíðar.

**Sumarnámskeið**

**Maí-Júní**

| Aldur | Hefst | Fyrirkomulag | Tími |
|---|---|---|---|
| 10-12 ára | 11. júní | 8 virkir dagar í röð | 9:00-12:30 |
| 13-15 ára | 5. júní | Tvisvar í viku | 17:30-21:00 |
| 13-15 ára | 25. júní | 8 virka daga í röð (Reykjanes) | 13:00-16:30 |
| 16-19 ára | 29. maí | Tvisvar í viku | 18:00-22:00 |
| 20-25 ára | 28. maí | Tvisvar í viku | 18:00-22:00 |

**Ágúst**

| Aldur | Hefst | Fyrirkomulag | Tími |
|---|---|---|---|
| 10-12 ára | 8. ágúst | 8 virkir dagar í röð | 9:00-12:30 |
| 13-15 ára | 8. ágúst | 8 virkir dagar í röð | 14:00-17:30 |
| 16-19 ára | 8. ágúst | Tvisvar í viku | 18:00-22:00 |
| 20-25 ára | 7. ágúst | Tvisvar í viku | 18:00-22:00 |

**Næsti kynningartími er 22. maí**

**Skráning í kynningartíma á www.dale.is/ungtfolk**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. youth_051518_ad_iceland






**Glæsileg húseign**

Efri sér hæð með bílskúr að stærð 197,6 fm

Glæsilega innréttuð, eldhús, hjónasvíta, baðherbergi

Vönduð tæki í eldhúsi / Arinn í stofu

Þrjú baðherbergi / Fjögur svefnherbergi

Góð staðsetning innan hverfis



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð: **74,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**

---

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17

Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

## Laugavegur 59, Kjörgarður - Til leigu

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 16. MAÍ FRÁ KL. 17:00-18:00**




Aðeins 3 íbúðir eftir lausar til leigu. Stærðir 78 fm.
Fullbúnar glæsilegar nýjar íbúðir á 3 og 5 hæð í lyftuhúsi.
Til afhendingar strax. Langtíma leiga.

**Dan V.S. Wiium - hdl. lögg. fast. s: 896 4013**

---

# búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðissamvinnufélag
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Aðalfundur

## Búmanna hsf verður haldinn í Guðríðarkirkju, Kirkjustétt 8, Reykjavík, 7. júní 2018 kl. 16.00

**Dagskrá.**

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kynning á sameiningu Búmanna hsf. og Leigufélags Búmanna. Að lokinni kynningu og umræðum verður tillagan um sameiningu lögð fram til afgreiðslu.
3. Kynning á stefnu Búmanna hsf. Að lokinni kynningu og umræðum verður tillagan um stefnu Búmanna til næstu ára lögð fram til afgreiðslu.
4. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræður um hana.
5. Framlagning ársreikninga, umræða og afgreiðsla.
6. Ákvörðun um hvernig ráðstafa skuli rekstrarafgangi eða bregðast við ef tap verður á rekstri félagsins.
8. Kynning á ákvörðun stjórnar um fjárhæð félagsgjalda, inntökugjalda, þjónustugjalda og annarra gjalda sem ákveðin er af stjórn félagsins samkvæmt samþykktum þess.
9. Ákvörðun gjalds í viðhaldsjóð félagsins.
10. Ákvörðun um framlag til varasjóðs félagsins.
11. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
    a. Tillaga til breytingu á 1. gr. samþykkta félagsins: Lagt er til að eftirfarandi málslið greinarinnar verði breytt: „Nafn félagsins er Búmenn húsnæðissamvinnufélag, skammstafað Búmenn hsf. Heimilisfang félagsins er að Akralind 4, 201 Kópavogi. Varnarþing félagsins er í Kópavogi".
    Skal málsliðurinn orðast svo eftir breytingar: „Nafn félagsins er Búmenn húsnæðissamvinnufélag, skammstafað Búmenn hsf. Heimilisfang félagsins er að Lágmúla 7,108 Reykjavík". Varnarþing félagsins er í Reykjavík
12. Kosning formanns til eins árs.
13. Kosning þriggja meðstjórnenda til tveggja ára.
14. Kosning þriggja varamanna í stjórn til eins árs.
15. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
16. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs og tveggja skoðunarmanna og eins til vara, alla til eins árs.
17. Kosning þriggja manna kjörnefndar.
18. Önnur mál.

Aðalfundur Búmanna hsf. er opinn öllum félagsmönnum og eru þeir hvattir til þess að mæta.

Stjórn Búmanna hsf.

---

# Útboð

OR Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í útboðsverkefnið

## KAUP Á DÆLURÖRUM (Riser pipes for submersible pumps):

**Riser pipes for submersible pumps: 456 meters of ø168,3 x 7,1 mm, EN 10305-1 grade E235 carbon steel seamless tube shall be supplied with threaded ends and one coupling per. each pipe**

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „VEIK-2018-08 Riser pipes for submersible pumps"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með miðvikudeginum 16.05.2018 á vefsíðu Orkuveitunnar **https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016**

Tilboð verða opnuð hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 5. júní 2018 kl. 11:00.

VEIK-2018-08 16.05.2018

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Fax 516 630 • Sími 516 6100
www.or.is/utbod

---

# ÞINGHOLT FASTEIGNASALA

Vegna mikillar sölu undanfarið þá vantar okkur allar gerðir eigna á skrá. Komum og verðmetum samdægurs þér að kostnaðarlausu.



**Ísak**
Sölustjóri
gsm 822 5588
isak@tingholt.is



**Viðar**
Lögg. fasteignasali
vidar@tingholt.is

## Strandasel 8, Reykjavík - 4ra herb.




**Opið hús miðvikudag milli kl. 17:30 – 18:00**
Björt og rúmgóð 4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð (efsta hæð). Húsið var tekið í gegn að utan fyrir einu ári. Eignin skiptist í : Forstofu/hol, eldhús, stofa/borðstofa, 3 svefnherbergi, baðherbergi auk geymslu í kjallara. **Verð 39 m. Allar nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma: 822-5588 tingholt@tingholt.is**

**Bæjarlind 14 | 201 Kópavogur | 822 5588 | tingholt.is**

---

# Bragðavellir, Djúpavogshreppi Skipulagsmál

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 9. maí 2018:

- Breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem tekur til uppbyggingar ferðaþjónustu á Bragðavöllum - breytt landnoktun dags. 15. nóvember 2017 m.s.br. ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst á tímabilinu 14. mars - 25. apríl 2018. Engar athugasemdir bárust.
- Deiliskipulag fyrir Bragðavelli - dags. 15. nóvember 2017 m.s.br. ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 14. mars - 25. apríl 2018. Engar athugasemdir bárust.

Tillögurnar hafa verið sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs. Hægt er að kæra samþykktir sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsinga um gildistöku skipulagstillagna í B-deild Stjórnartíðinda.

***Sveitarstjóri Djúpavogshrepps***

---

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2018, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. maí 2018 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2018, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald þar mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

***Reykjavík, 16. maí 2018***

**Tollstjóri**
**Sýslumaðurinn á Vesturlandi**
**Sýslumaðurinn á Vestfjörðum**
**Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra**
**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra**
**Sýslumaðurinn á Austurlandi**
**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**
**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**
**Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðvestan 5-13 m/s með skúrum í dag og hiti 4 til 9 stig, en léttskýjað austanlands og hiti upp í 12 stig þar.




## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8° | ↖ 14 |
| Ísafjörður | 5° | ↑ 11 |
| Akureyri | 8° | ↑ 10 |
| Egilsstaðir | 9° | ↑ 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | ↑ 9 |
| Hveravellir | 2° | ↑ 17 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6° | ↗ 11 |
| Ísafjörður | 4° | ↗ 16 |
| Akureyri | 5° | ↗ 13 |
| Egilsstaðir | 7° | → 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | ↗ 9 |
| Hveravellir | 0° | ↗ 10 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. póll
5. hundur
6. tímamælir
8. klaufska
10. kusk
11. farfa
12. tónlist
13. frumeind
15. möguleikar
17. skífa.

**LÓÐRÉTT**
1. súlur
2. mælieining
3. mjaka
4. ríki í N-afríku
7. fjarrita
9. skrölta
12. söngstíll
14. fjör
16. stefna.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. skaut, 5. tík, 6. úr, 8. ólagni, 10. ló, 11. lít, 12. jass, 13. atóm, 15. ráðrúm, 17. plata.
**LÓÐRÉTT:** 1. stólpar, 2. kíló, 3. aka, 4. túnis, 7. ritsíma, 9. glamra, 12. jóðl, 14. táp, 16. út.

## Skák Gunnar Björnsson

Zolotov átti leik gegn Ivlen í Sovétríkjunum sálugu árið 1982.
**Hvítur á leik**
**1. Bg8+! Kh8 2. Be6! 1-0.**



Ju Wenjun leiðir 4½-3½ gegn Tan Zhongyi í heimsmeistaraeinvígi kvenna sem nú er í gangi í Kína. Níunda og næstsíðasta skákin fer fram í dag.

**www.skak.is:** HM kvenna.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 11 ára afmæli Castello
# 13.–17. maí

11
ára

11
ára

## Allar stórar pizzur
## á matseðli á 1890 kr.

*gildir bara ef sótt

fyrstu 200 pantanir
fá fría 2 l af kók með



Castello PIZZERIA

577 3333

Pantaðu á netinu
castello.is

# Frá þremur hljómum upp í þúsund

**TÓNLIST**

**Djasstónleikar**

★★★★☆

**Stórsveit Reykjavíkur flutti nýja íslenska tónlist.**

**Silfurberg í Hörpu sunnudaginn 13. maí**

Djass er ekki bara djass, heldur greinist hann í þrjár megingerðir og um fjörutíu undirgerðir, sumar þeirra töluvert ólíkar. Á árlegum vortónleikum Stórsveitar Reykjavíkur í Silfurbergi í Hörpu upplifði maður að nokkru þessa skemmtilegu fjölbreytni. Þar mátti heyra fleiri en eina stíltegund, meira að segja blús.

Blúsinn er reyndar alveg sjálfstætt tónlistarform, þótt sterkar tengingar séu við djassinn. Einu sinni var munurinn á djassi og blús skilgreindur svona: Blússpilarinn leikur þrjá hljóma fyrir þúsund áheyrendur, en djassarinn spilar þúsund hljóma fyrir þrjá áheyrendur. Þetta er einföldun, en það er sannleikskorn í henni. Djassinn er svo miklu víðfeðmari og fyrir bragðið torskildari. Blúsinn sem hér heyrðist var reyndar mjög djassskotinn og var eftir Eirík Rafn Stefánsson. Tónlistin var djörf og skemmtilega flippuð; sólóin leiftrandi fjör. Útkoman var stórfengleg.



**Það er mikil gróska sem ríkir í djassinum hér á landi, en þar á Stórsveitin drjúgan hlut að máli, segir í dómnum.**

Öll músíkin á efnisskránni var frumflutt eins og vaninn er á vortónleikum Stórsveitarinnar. Djasspíanistinn knái, Agnar Már Magnússon, átti tvö lög. Hann tók þó ekki sjálfur þátt í flutningnum, heldur var það Kjartan Valdemarsson, annar frábær píanisti, sem sá um píanórulluna. Lög Agnars voru margbrotin. Þau einkenndust af skýrt afmörkuðum flötum, svellandi málmblástursleik, ísmeygilegum píanókafla, áleitnu slagverki og vímukenndum saxófónleik. Hver kafli kallaði fram sinn galdur, melódíurnar voru grípandi og heildin mögnuð.

Lögin eftir Hauk Gröndal voru allt öðru vísi, en ekkert síðri. Það fyrra, Ecko, var ákaflega kliðmjúkt, með margbrotnum, litríkum tónahendingum og fingerðum rytma. Hið síðara, The White Tower, byrjaði á seiðandi trommuleik sem lá undir dempuðu brassi. Von bráðar hurfu demparanir og tónlistin reis upp í tignarlegan hápunkt. Þar blésu spilararnir sem mest þeir máttu. Það var afar áhrifamikið.

Sigurður Flosason átti líka atriði á tónleikunum sem var sérlega heillandi. Sigurður spilaði sóló; saxófónninn hans og slagverksleikur Jóhanns Hjörleifssonar voru í raun burðarás tónlistarinnar. Kjartan píanóleikari hristi þó síðar glæsilegan einleikskafla fram úr erminni og Jóhann tók sömuleiðis flott sóló. Músíkin í heild var spennandi, ögn þráhyggjukennd, en á góðan máta.

Lag eftir Kjartan Valdimarsson var jafnframt á dagskránni. Það var einkar fallegt. Eins konar film noir stemning sveif yfir vötnunum. Stefin voru hrífandi og nostalgískt flygilhorn á einum tímapunkti fullkomnaði töfrana. Fyrir þá sem ekki vita svipar flygilhorninu útlitslega til trompetsins, en er aðeins stærra og hljómurinn mýkri.

Snorri Sigurðarson stjórnaði hljómsveitinni og gerði það af léttleika og öryggi, auk þess sem hann kynnti dagskrána á afslappaðan hátt. Heildarhljómurinn var fagurlega mótaður og í fullkomnu styrkleikajafnvægi. Samspilið var nákvæmt og leikstíllinn snarpur; stuð var alltaf í fyrirrúmi. Þetta voru glæsilegir tónleikar og enn eitt dæmið um þá miklu grósku sem ríkir í djassinum hér á landi, en þar á Stórsveitin drjúgan hlut að máli.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Hvert lag var öðru betra og tónlistarflutningurinn var í fremstu röð.

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

MAÍ | 2018




# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS NE 19 2019 S95 ←

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is








**Valgerður Þóroddsdóttir og félagar hjá Partusi gefa út þrjár nýjar Meðgönguljóðabækur í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

Hvar@frettabladid.is

**16. MAÍ 2018**

### Tónlist

**Hvað?** Raddbandafélag Reykjavíkur og Elmar syngja inn sumarið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugarneskirkja
Vortónleikar Raddbandafélags Reykjavíkur verða haldnir í Laugarneskirkju í dag. Von er á léttri og skemmtilegri dagskrá sem svífur með okkur inn í sumarið. Yfirskrift tónleikanna er söngvar um ástir, konur og vín. Einnig bregðum við okkur í draumaheim rakarastofunnar með nokkrum barbershoplögum. Einn besti íslenski tenór fyrr og síðar, Elmar Gilbertsson mun syngja með Raddbandafélagi Reykjavíkur á tónleikunum. Elmar söng með kórnum um árabil, og fór með honum meðal annars í söngferð til Búlgaríu.

**Hvað?** Hyggekoncert: Mads, El Odderiño, Teitur + Hverra manna? Frumsýnt
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vinyl, Hverfisgötu
Teitur Magnússon & Mads Mouritz Gjellerod leika saman og sitt í hvoru lagi á þessum huggulegu miðvikudagstónleikum á Vínyl. El Odderiño leikur lystaukandi tóna auk þess sem frumsýnt verður glænýtt myndband við lag Teits, Hverra manna? Leikstjórn: The Icelandic Love Corporation / Gjörningaklúbburinn. Tökumaður: Sigurður Unnar Birgisson. Búið er að setja upp hvíta tjaldið og fægja silfrið. Verið velkomin! Kartoffelmad!

**Hvað?** Ave Maria – Tónleikar Vox feminae
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Í dag mun kvennakórinn Vox feminae halda tónleikana Ave Maria í Háteigskirkju. Á efnisskrá eru Maríubænir og ýmsir sálmar auk þess sem kórinn mun flytja kafla úr Missa. Op. 187 eftir Josef G. Rheinberger. Stjórnandi kórsins er Margrét J. Pálmadóttir og Guðný Einarsdóttir leikur á orgel.

**Hvað?** Jónsson & More +1 á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa
Á næstu tónleikum Múlans koma fram Jónsson & More en tríóið hefur verið starfrækt frá árinu 2008 og heldur því upp á 10 ára afmæli sitt um þessar mundir. Til þess að fagna þessum áfanga ætlar tríóið að kynna fyrir áheyrendum nýja tónlist sem það hyggst hljóðrita á haustdögum. Því til viðbótar býður tríóið til sín góðum gesti, saxófón- og klarínettuleikaranum Hauki Gröndal. Meðlimir tríósins eru saxófónleikarinn Ólafur Jónsson, bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og trommuleikarinn Scott McLemore.

**Hvað?** Ave María – Vortónleikar Kórs Vídalínskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vídalínskirkja
Efnisskráin samanstendur af kórverkum helguðum Maríu guðsmóður, þekkt og sjaldheyrð Maríuvers eftir íslenska og erlenda höfunda, m.a. Báru Grímsdóttur, Rachmaninoff, Gomez, Dvorák og Elgar. Sungið er á íslensku, latínu, rússnesku og spænsku. Meðal fáheyrðra verka sem flutt verða er undurfögur Ave Maria eftir alþýðulistakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur frá Akureyri, sem nefnd hefur verið Listakonan í fjörunni.

### Viðburðir

**Hvað?** Útskriftarverk samtímadansara 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó
Verkið sækir innblástur sinn í hvernig dans hefur í gegnum aldirnar sameinað manneskjur á tímamótum. Dansathafnir sem tengja saman hjörtu, sálir, líkama og efla samkennd og samveru þeirra sem taka þátt. Lagt var upp í rannsókn á keðjum, keðjuverkun og hvernig hægt er að byggja upp og brjóta niður hringrásir upphafs og endaloka til að skapa dans tileinkaðan hinni ókomnu framtíð.

**Hvað?** Hvernig verður verðlaunavefur til?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kolibri, Borgartúni
Fjöldi verkefna hlutu verðlaun og viðurkenningar á Íslensku vefverðlaununum, en í tilefni þess verður kafað dýpra í hvernig þau urðu að veruleika með þeim sem bjuggu þau til. Rætt verður um hönnun, forritun og almennt um þróun og vinnslu slíkra verkefna svo allir ættu að fá eitthvað við sitt hæfi úr þessum viðburði. Nova og Ueno. munu ræða nova.is sem hlaut verðlaun sem Vefur ársins, Fyrirtækjavefur ársins (stór fyrirtæki) og Vefverslun ársins. Kolibri og Aranja munu ræða kolibri.is sem hlaut verðlaun fyrir hönnun og viðmót, ásamt því að vera valinn Fyrirtækjavefur ársins (meðalstór fyrirtæki). Fundarstjóri Rachel Salmon, vefhönnuður hjá Kolibri.

**Hvað?** Stríð eftir Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Frumþættir leikhússins eru skrúfaðir í botn í nýju verki Ragnars Kjartanssonar og Kjartans Sveinssonar, Stríði, þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur frumsamda tónlist Kjartans og handmáluð leiktjöld eftir Ragnar prýða sviðið. Allt er þetta umgjörð fyrir meginþátt verksins, leikarann að leika; manneskju sem sannlega þykist þjást sem yfirgefinn, deyjandi hermaður í rústum stríðs.

**Hvað?** Meðgönguljóð nr. 29, 30 & 31
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Við fögnum útgáfu nýjustu bóka í seríu Meðgönguljóða, bókaflokks Partusar sem helgaður er nýjabruminu í íslenskri ljóðlist.

### Sýningar

**Hvað?** Vorsýning nemenda: Hönnun, teikning, smíði
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Tækniskólinn, Skólavörðuholti
Vorsýningin Hönnun – Teikning – Smíði er samsýning brautanna hönnunar- og nýsköpunarbrautar, tækniteiknunar og húsgagna- og húsasmíða við Tækniskólann. Sýnd eru verkefni þessara brauta sem unnin hafa verið á vorönn 2018.



**Loji Höskuldsson í Gallery Port í dag kl. 13.00.**

**Hvað?** Loji Höskuldsson – Garður meðalmennskunnar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gallery Port, Laugavegi
Sýning Loja Höskuldssonar stendur yfir í Gallery Port.


FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
Fréttablaðið býður í bíó!
Fréttablaðið býður heppnum fjölskyldum á sérstaka forsýningu á myndina
Draumur laugardaginn 19. maí kl 12:30 í Smárabíói.
Eina sem þú þarft að gera er að fara inn á frettabladid.is/forsyning og skrifa í athugasemdum hvað þín fjölskylda þarf marga miða og þið gætuð dottið í lukkupottinn!
Drögum út daglega alla vikuna!
Trópí og blöðrur í boði fyrir börnin
FRUMSÝND 23. MAÍ
Trópí
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur




**GREY´S ANATOMY**
KL. 20:15
Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

Magnaður
Miðvikudagur
Fáðu þér áskrift á 365.is

**THE DETAIL**
KL. 21:00
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.




**NASHVILLE**
KL. 21:45
Frábærir þættir um kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.



**HIGH MAINTENANCE**
KL. 22:30
Gamanþættir um gaur sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir.




**THE GOOD LIE**
KL. 22:00
Reese Witherspoon leikur hér félagsráðgjafann Carrie sem hjálpar súdönskum flóttamönnum að koma undir sig fótunum og hefja nýtt líf í Bandaríkjunum.



**KRYPTON**
KL. 22:00
Æsispennandi þættir sem gerast fyrir 200 árum á plánetunni Krypton. Söguhetjan okkar er forfaðir hins eina sanna ofurmennis sem við þekkjum í dag.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Lína langsokkur
07.45 Strákarnir
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 The Big Bang Theory
10.40 Grand Designs
11.30 Spurningabomban
12.35 Nágrannar
13.00 Fósturbörn
13.25 Project Runway
14.15 Major Crimes
15.00 Heilsugengið
15.25 The Night Shift
16.10 The Path
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.25 Fréttayfirlit og veður
19.30 Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
19.55 The Middle
20.20 Grey's Anatomy Fjórtánda syrpa þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
21.05 The Detail
21.55 Nashville
22.40 High Maintenance
23.10 Deception
00.45 The Blacklist
01.30 Barry
02.05 Rebecka Martinsson
02.50 Rebecka Martinsson
03.35 Pasolini
05.00 Shameless
05.55 Shameless

### STÖÐ 2 SPORT

07.35 Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
09.30 FH - ÍBV
11.00 Seinni bylgjan
11.30 Aston Villa - Middlesbrough
13.10 KR - FH
14.50 Fulham - Derby County
16.30 FH - ÍBV
18.00 Seinni bylgjan
18.30 Marseille - Atlético Madrid
20.45 Evrópudeildarmörkin
21.35 Pepsi-mörk kvenna
22.45 UFC Now
23.35 Premier League Review

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Bayern München - Stuttgart
09.35 Freiburg - Augsburg
11.15 Þýsku mörkin
11.45 Fyrir Ísland
12.25 Þróttur R. - Fram
14.05 Houston Rockets - Golden State Warriors
16.00 Burnley - Bournemouth
17.40 Newcastle - Chelsea
19.20 Messan
20.50 Fjölnir - FH
22.30 Marseille - Atlético Madrid

### STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 Anger Management
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Stelpurnar
21.15 Flash
22.00 Krypton
22.45 The Hundred
23.30 Supergirl
01.00 Gotham
01.45 Seinfeld
02.10 Friends
02.35 Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og litli
09.13 Tindur
09.27 K3
09.38 Mæja býfluga
09.50 Kormákur
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og litli
13.13 Tindur
13.27 K3
13.38 Mæja býfluga
13.50 Kormákur
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og litli
17.13 Tindur
17.27 K3
17.38 Mæja býfluga
17.50 Kormákur
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Skógardýrið Húgó



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10:24, 14:24 og 18:24.

### GOLFSTÖÐIN

08.00 The Players Championship
13.00 Golfing World
13.50 The Players Championship
18.50 Golfing World
19.40 The Players Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

11.05 Learning to Drive
12.35 Woodlawn
14.40 Temple Grandin
16.30 Learning to Drive
18.05 Woodlawn
20.10 Temple Grandin
22.00 The Good Lie
23.50 Passengers Spennandi mynd frá 2016 sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna með Jennifer Lawrence, Chris Pratt, Michael Sheen og Laurence Fishburne. Risageimferja er að flytja þúsundir manna til plánetu í fjarlægu sólkerfi þegar bilun í svefnbúnaði veldur því að tveir af farþegunum, þau James Preston og Aurora Lane, vakna af dásvefninum, sem þau áttu að vera í, níutíu árum á undan áætlun. Eftir að þau James og Aurora vakna og átta sig á því að þeim mun ekki takast að falla í dásvefn á ný blasir við að þau þurfi að eyða því sem eftir er ævinnar í félagsskap hvort annars um borð.
01.45 The Perfect Guy
03.25 The Good Lie

### RÚV

15.50 Undir yfirborðinu
16.55 Golfið
17.20 Leiðin á HM
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Tré-Fú Tom
18.22 Krakkastígur
18.27 Sanjay og Craig
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kosningamálin
19.55 Menningin
20.05 Fjársjóður framtíðar
20.35 Kiljan
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Morðalda í Bandaríkjunum
23.15 Pútín og mafían
00.10 Kosningamálin
00.30 Menningin
00.35 Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
09.45 The Late Late Show with James Corden
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Speechless
14.30 Strúktúr
15.00 The Mick
15.25 Gudjohnsen
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
19.00 The Late Late Show with James Corden
19.45 American Housewife
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Bull
22.35 American Crime
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
00.45 Touch
01.30 9-1-1
02.15 Station 19
03.05 Scandal
03.50 Mr. Robot

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |


TÓNLEIKUR KYNNIR
JESSIEJ
LAUGARDALSHÖLL
6. JÚNÍ
MIÐASALA Á TIX.IS
JESSIEJOFFICIAL.COM | /JESSIEJ




FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

# Spilar í stóra eplinu með nokkrum æskuhetjum

**Benni B-Ruff** ætlar að snúa nokkrum plötum í New York um þarnæstu helgi en hann mun meðal annars spila á rómuðum hipphoppklúbbi þar sem til að mynda Maseo úr hljómsveitinni De La Soul er fastasnúður ásamt fleirum.



DJ B-Ruff heldur til New York í lok mánaðarins til að leika tónlist fyrir Kanann.

Plötusnúðurinn DJ B-Ruff heldur út til New York borgar nú í lok mánaðar, 24. til 26. maí, þar sem hann ætlar að spila á nokkrum klúbbum. Þetta er í fjórða sinn sem B-Ruff, eða Benedikt Freyr Jónsson eins og mamma hans kallar hann, fer til New York til að leika tónlist fyrir Kanann. Einn klúbbanna, Fat Buddha, stærir sig af ansi merkilegum lista af föstum plötusnúðum. Hann spilar svo á The Roof og Mr. Purple.

„Fat Buddah er með plötusnúða sem maður ólst upp við að hlusta á: Maseo úr De La Soul, Boogie Blind sem hefur verið með Lord Finesse, Pharoahe Monch og Cypress Hill, Roli Rho, Grandmaster Wizard og Timothy Martello svo einhverjir séu nefndir. Fat Buddah er lítill en nettur staður. Svo er The Roof aðeins stærri og Mr. Purple er „rooftop brunch“ staður.“

Benni er búinn að vera einn af aðalplötusnúðum Reykjavíkur í fleiri ár og hefur haldið úti útvarpsþættinum Kronik með Robba Kronik alveg síðan allir vinsælustu rapparar landsins um þessar mundir voru með bleyju.

*Hvernig kemur það til að þú ert á leiðinni út til stóra eplisins?*

„Ég kynntist tveimur dj-um frá NY þegar ég spilaði þar í fyrsta skiptið. Síðan bókaði ég þá á Íslandi. Þeir spiluðu meðal annars á Prikinu þegar þeir mættu hingað til lands. Núna eru þeir plötusnúðar sem spila úti um allan heim, atvinnumenn. Þeir hafa svo verið að redda mér verkefnum þarna úti.“

Um er að ræða plötusnúðana DJ Equal og Timothy Martello en Equal hefur komið þrisvar til landsins síðan.

*Er þetta upphafið að ferðalagi um heiminn?*

„Klárt mál – Ruff n world tour,“ segir Benni hlæjandi.

stefanthor@frettabladid.is

**ÉG KYNNTIST TVEIMUR DJ-UM FRÁ NY ÞEGAR ÉG SPILAÐI ÞAR Í FYRSTA SKIPTIÐ. SÍÐAN BÓKAÐI ÉG ÞÁ Á ÍSLANDI. ÞEIR SPILUÐU MEÐAL ANNARS Á PRIKINU ÞEGAR ÞEIR MÆTTU HINGAÐ TIL LANDS.**



Goðsagnirnar í De La Soul – Maseo er þarna fyrir miðju.



DJ Equal hefur spilað fyrir gesti Priksins.



Boogie Blind hefur verið plötusnúður fyrir þekkta rappara eins og Pharoahe Monch og er í plötusnúðahópnum The X-Ecutioners.

# Þvílíkt stuð á Cannes hátíðinni

Fræga fólkið er statt í Cannes til að sýna sig og sjá aðra. Það er heldur betur fjör hjá öllum en um er að ræða einn stærsta viðburð ársins í kvikmyndaheiminum. Í gær voru meðal annars blaðamannafundir vegna Solo og BlacKkKlansman.



Matt Dillon, Siobhan Fallon Hogan, hinn danski vinur okkar Lars Von Trier, Bruno Ganz og Sofie Gråbøl dúndruðu í góðar pósur á rauða dreglinum í Cannes.



Topher Grace var svalur í Cannes í gær en hann leikur rasistann David Duke í nýjustu mynd Spike Lee.



Spike Lee tók gott sprell með þeim John David Washington og Laura Harrier á blaðamannafundi um myndina BlacKkKlansman.



Þau Chewbacca, Donald Glover, Emilia Clarke, leikstjórinn Ron Howard og félagar úr Star Wars myndinni Solo voru í góðum gír og hæst ánægð með viðtökurnar.



Kelly Preston pósar ásamt manni sínum John Travolta – en hann leikur John Gotti í kvikmyndinni Gotti sem er nú sýnd í Cannes.




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

















Halldóra Geirharðsdóttir leikur kórstjóra á fimmtugsaldri, sem ákveður að bjarga heiminum og lýsir yfir stríði gegn allri stóriðju í landinu. Hún gerist skemmdarverkamaður og er tilbúin til að fórna öllu fyrir móður jörð og hálendi Íslands þar til munaðarlaus stúlka frá Úkraínu stígur inn í líf hennar.

# Líður þegar eins og sigurvegara

Kvikmynd Benedikts Erlingssonar, Kona fer í stríð, hefur fengið geggjaðar móttökur á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Leikstjórinn segir að sér líði þegar eins og sigurvegara.

Hvernig er hægt að vera annað en himinlifandi? Við erum öll í skýjunum," segir Benedikt Erlingsson, leikstjóri myndarinnar Kona fer í stríð sem hefur fengið einróma lof gagnrýnenda á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Í kvöld verður verðlaunaafhending þar sem mynd Benedikts er tilnefnd og ætlar hann að mæta rólegur til athafnarinnar enda líði honum þegar eins og sigurvegara. „Við, sem stöndum að myndinni, upplifum að við höfum þegar fengið verðlaun með þessum hlýju móttökum," segir hann stoltur.

Fréttablaðið var ekki eini miðillinn sem var búinn að ná í skottið á honum því það rigndi inn viðtalsbeiðnum, nánast á meðan þetta viðtali stóð yfir. „Ég er búinn að vera í stanslausum viðtölum að tala um myndina og land og þjóð.

Það er mikill áhugi á myndinni og það er gaman að finna að hún virðist ná til fólks af öðru þjóðerni en íslensku. Ég hlakka svo ofsalega til að sýna Íslendingum hana. Fá að upplifa hana hana með íslenskum áhorfendum því það er fullt af hlutum í henni sem útlendingar skilja ekki en er miðað beint að okkur."

Halldóra Geirharðsdóttir, aðalleikkona myndarinnar, hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína. Benedikt segir að það komi sér ekkert á óvart. „Þetta er hasarmynd. Þetta er hetja að bjarga heiminum og hún þarf að gera ýmislegt erfitt. Halldóra gerir sín eigin áhættuatriði og ég lofa einum dropa af blóði," segir hann kíminn.

„Þegar maður hefur svona fína leikkonu sem vílar ekkert fyrir sér þá ganga hlutirnir vel. Franskar leikkonur hefðu aldrei látið bjóða sér þetta. Kannski er það þess vegna sem Frakkarnir eru svona hrifnir af þessari mynd og hennar frammistöðu."

**benediktboas@frettabladid.is**

## ÁLIÐ



Kona fer í stríð fjallar um kórstjóra sem ákveður að bjarga heiminum og lýsir yfir stríði gegn allri stóriðju í landinu. Benedikt hefur ákveðna skoðun á stóriðju.

„Álið er mikilvægur málmur en hann er dýr fyrir náttúruna að framleiða. Öll sóun á áli er eitthvað sem við þurfum að breyta. Við erum að sóa of miklu. Um 85 prósent af orkunni okkar fer í að framleiða það og fyrirtækin borga ekki skatta hingað. Við fáum of lítið af arðinum til baka. Þetta þykir ótrúlegt hér og gerist bara í Afríku og einhverjum nýlendum. Ég vona að við Íslendingar séum komnir lengra en þetta."

## UMSAGNIR UM MYNDINA

Kona fer í stríð eða Woman at War var frumsýnd um helgina á Cannes Film Festival við frábærar undirtektir. Gagnrýnendur erlendra miðla, vef- og kvikmyndatímarita keppast nú um að hrósa myndinni.

Halldóra Geirharðsdóttir tæklar líkamlega erfitt hlutverk af mikilli sannfæringu.

**Screendaily**
Kona fer í stríð mun að öllum líkindum kveðja sér hljóðs á kvikmyndahátíðum um allan heim.

**Screendaily**
Kona fer í stríð er frábært dæmi um mynd sem dansar listilega á milli kvikmyndaflokka. Hvort tveggja í senn, grín og drama, með afar sterka meðvitund um hina marglaga baráttu við hnattræna hlýnun.

**Cineuropa**
Veftímaritið Cineuropa segir að Benedikt takist að skapa snilldarlega uppbyggða kvikmynd þar sem þyrildi og kindur mæta aðalsöguhetjunni á hugsjónavegferð hennar í fullkomnum ramma íslensks landslags.

**Variety** segir myndina takast á við gríðarmikilvæg umræðuefni á mannlegan og djúpstæðan hátt.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




## SÖFNUM ÖLLUM *Góu* MINNINGUNUM

HRAUN hefur fylgt þjóðinni í áratugi og þess vegna hljóta óteljandi minningar að vera tengdar því. Átt þú sögur, ljósmyndir, gamlar umbúðir eða annað sem gæti stækkað minningabankann?

Góa reynir nú með hjálp þjóðarinnar að safna saman öllum Góu minningunum. Allt hjálpar, stórt sem smátt, myndir, sögur, frásagnir af fólki og stöðum, umbúðir, merkingar eða hvað sem þér dettur í hug. Ef þú lumar á einhverju slíku skaltu fara inn á Facebook-síðu Góu og segja okkur frá. *Og auðvitað gjöldum við gott með Góu.*

**GÓA – 50 ÁR AF MINNINGUM**

GÓA 50 ÁRA

goa.is

Pipar\TBWA \ SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Séra Bjarni

Þegar ég ólst upp voru nokkrir meistarar hafðir í hávegum á heimili mínu. Þar var Andrés Björnsson útvarpsstjóri. Þegar hann flutti sína áramótaræðu ríkti dauðaþögn í stofunni. Þá var Kristján Eldjárn forseti sem þjónaði af hógværð og þekkingu. Einnig Sigurbjörn Einarsson biskup, sá orðsins og andans maður. Eins séra Friðrik Friðriksson sem enn í dag er mér stór fyrirmynd í starfi og ég hef hugsað hve stórkostlegt hefði verið að fá að hitta hann.

Og svo var það Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur sem var svo mikill sálusorgari og óborganlegur húmoristi að enn lifa af honum sögurnar. Ung heyrði ég hvernig hann hefði sinnt sínum skyldum í Reykjavík í spænsku veikinni. Á þremur vikum hafði hann jarðsungið 115 manns og talað persónulega yfir hverri kistu, en heim til hans og frú Áslaugar lá sífelldur straumur syrgjandi fólks. Ég naut þess fyrir nokkru að heyra röddina hans í gömlu útvarpsviðtali, svo hrjúfa og sterka og litríkur persónuleikinn skein í gegn. Mér leið eins og unglingsstúlku að hlusta á „Biberinn“.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig þessir höfðingjar hefðu mætt ágangi fjölmiðla, kommentakerfa og Facebook-statusa og í ljósi þess fundist þeir hafa lifað gósentíð í samanburði við sálusorgara dagsins í dag. Þess vegna var það dálítið hollt fyrir mig að rekast á orð séra Bjarna þegar hann segir: „Kirkjan hverfur ekki vegna þess að hún byggir á Guði. Hvernig var það í fornöld? Hvernig leit út fyrir kirkjunni í stjórnarbyltingunni frönsku þegar kristindómurinn var opinberlega afnuminn? Eða 1905 þegar kirkja og ríki voru aðskilin í Frakklandi og einn stjórnandinn sagði: „Nú höfum við slökkt ljósin á himninum.“ Þau ljós loga enn. Og þau skulu varpa skærum ljóma, einnig hér á landi.“








NÝR WOW ÁFANGASTAÐUR
NAMASTE Í NÝJU-DELÍ

KYNNINGARVERÐ
FRÁ 19.999 KR.*

Já, þið lásuð rétt. Við erum á leiðinni til Nýju–Delí, höfuðborgar Indlands. Langþráð, beint flug frá Íslandi til þessa ótrúlega ævintýralands í austri. Að sjálfsögðu í glænýjum Airbus A330neo þotum okkar. Bókaðu núna.



WOW air

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS